



Colson Whitehead á Bókmenntahátíð



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

31. TÖLUBLAÐ

23. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 14. FEBRÚAR 2023

Stóriðja og flugfélög menga mest

LOFTSLAGSMÁL Alcoa, Norðurál og Icelandair eru þau þrjú fyrirtæki sem losa mest kolefni hér á landi.

Icelandair losaði árið 2021 486.000 tonn og er í þriðja sæti yfir mest mengandi fyrirtæki landsins. Stóriðjufyrirtæki raða sér beggja vegna við, Alcoa losar mest, 530.000 tonn, Norðurál 528.000 tonn og Elkem 456.000 tonn.



Hér er um líf eða dauða að tefla.



Sigurpáll Ingibergsson, sérfræðingur

„Mengun vegna losunar á kolefni er að ganga frá eðlilegu lífi á jörðinni,“ segir Sigurpáll Ingibergsson, sem hélt nýlega erindi á Loftslagsfundum Festu.

Sigurpáll rýndi í sjálfbærnisráslur fyrirtækjanna og eru tölurnar um losun fengnar þaðan. Mörg stór sjávarútvegsfyrirtæki og orkufyrirtæki elta helstu mengunarvaldana.

„Hér er um líf eða dauða að tefla,“ segir Sigurpáll. Sláandi sé að í mörgum tilvikum sé tengsl milli góðrar fjárhagslegrar afkomu fyrirtækjanna og mikillar mengunar. Sjálfbærni metnað segir hann vera lítinn sem engan. **SJÁ SIÐU 8 OG 14**



Tveir voru fluttir á bráðadeild Landspítalans eftir að gaskútur í Land Cruiser sprakk eftir hádegi í gær við bensinstöð Olis í Álfrheimum. Billinn stóð við metandælu bensinstöðvarinnar við hlið tveggja annarra bíla þegar kúturinn í honum sprakk. Sprengingin er til rannsóknar hjá lögreglu og Vinnueftirlitinu. **FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI**

FRÉTTIR 10



Ekki aðdáendum að kenna

LÍFIÐ 24



Fertug hneykslunarhella

LÍFIÐ 26



Tilgangslaust að hata

Fylgi Vinstri grænna við hættumörk

STJÓRN MÁL Samkvæmt nýrri könnun Prósents fyrir Fréttablaðið mælist fylgi Vinstri grænna 5,9 prósent. Flokkurinn hlaut 12,6 prósent í alþingiskosningunum árið 2021.

Síðan þá hefur fylgið aðeins dalað. Grétar Þór Eypórsson, stjórnmálafræðiprófessor við HA, segir fylgið búið að vera lítið lengi en staðan virðist aðeins versna. Óvíst sé hversu lengi þetta geti haldið áfram.

„Þetta getur orðið ógnun við ríkisstjórnarsamstarfið. Þetta er ekki til að bæta baráttuandann innan flokksins,“ segir hann.

Nærtækt sé að skýra stöðu flokksins með ríkisstjórnarsamstarfinu. Í faraldrinum gekk það ágætlega en fjarad hafi undan Vinstri grænum. Takmörkuð ánægja sé innan flokks með útlendingafrumvarpið og fleiri umdeildar ákvarðanir.



Þetta getur orðið ógnun við ríkisstjórnarsamstarfið.

Grétar Þór Eypórsson, stjórnmálafræðiprófessor við HA

Þegar lítið er til tekjudreifingar sést að Vinstri græn hafa aðeins 2 prósent fylgi lágtekjufólks, minnst allra, en mest fylgi hefur flokkurinn hjá hátekjufólki, 10 prósent.

„Með hressilegri einföldun er hægt að segja að flokkurinn sé meira grænn en vinstri,“ segir Grétar. Bendir hann á að flokkurinn hafi lagt mikla áherslu á umhverfismál í samstarfinu. **SJÁ SIÐU 4**



1890 kr.
Í APPI OG Á DOMINOS.IS
ALLAR PIZZUR AF MATSEDLI, EF ÞÚ SÆKIR

MEGA VÍKA



Einn vegfarandi sagði Glæsibæ hafa nóttað. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Líkt og byssukúla hafi farið í rúðuna

helgisteinar@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Ég var þarna í skjóli fyrir aftan hvítan bíl sem var beint fyrir aftan þennan sem sprakk og það var eiginlega hann sem bjargaði því að bíllinn minn stórskemmdist ekki. En það skaut einhver skrúfa eða hlutur, sem ég veit ekki alveg hvað var, en það var bara eins og byssukúla hefði farið í framrúðuna hjá mér,“ segir Hörður Harðarson, eigandi Verslunar Guðsteins Eyjólfssonar, en hann var að taka bensín og tala við konu sína í símanum þegar sprengingin átti sér stað á Olís í Álflheimum.

Tveir voru fluttir á bráðadeild Landspítalans eftir að gaskútur í svörtum Land Cruiser sprakk við bensinstöðina. Bíllinn stóð við metandælu bensinstöðvarinnar við hlið tveggja annarra bíla þegar kúturinn í honum sprakk. Sprengingin er til rannsóknar hjá lögreglu og Vinnu-efirlitinu.

„Það var óhugnanlegur kraftur í þessu. Ég sat inni í bíl og var með tónlist á og að tala í símann en ég er samt enn með suð í eyranu. Ég fékk líka bara höggbylgju á mig. Þetta var svakalegt,“ segir Hörður. ■

Allir að fylla á tankinn



Mikil örtröð hefur skapast á bensinstöðvum víða um landið vegna fyrirhugaðs verkfalls olíuökumanna sem fer á stað á miðvikudag. Verkfallið mun fyrst og fremst hafa áhrif innan höfuðborgarsvæðisins, en mögulega gætu afleiðingarnar teygst sig á landsbyggðina. Þórður Guðjónsson, forstjóri Skeljungs, segir að fólk verði að tryggja að bensintankurinn sé fullur þegar verkfallið brestur á, en hann segist hafa meiri áhyggjur af atvinnulífínu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Trúir því að staðan í laxeldi breytist

ser@frettabladid.is

FISKELDI Jón Kaldal, talsmaður Íslenska náttúruverndarsjóðsins, segir að skýrslan um sjókvíaldí sé svo afgerandi að ekki sé annað hægt en að hafa trú á því að staðan breytist.

„Helstu hagsmunaaðilar hafa tekið undir að það þurfi að breytast,“ segir Jón í samtali við Fréttavaktina á Hringbraut. Jón bætir því við að meginorsök núverandi stöðu felist í andvaraleysi þingsins og framkvæmdavaldsins.

„Eitt dæmi, sem sýnir að þetta er ekki bara vandi núverandi stjórnarflokka, er löggjöf sem var samþykkt haustið 2018. Þá hafði úrskurðarnefnd umhverfismála numið úr gildi tiltekin sjókvíaldisleyfi fyrir vestan



Jón segir að sér heyrir að fólk sé samþykkt um að staðan sé óviðunandi.

vegna þess að þau voru ekki veitt með lögmætum hætti,“ segir Jón.

„Á Alþingi voru samþykkt sérstök lög á tveimur sólarhringum sem tóku úrskurðinn úr sambandi og fólu Kristjáni Þór Júlíussyni heimild til að gefa út bráðabirgðaleyfi þvert á þennan úrskurð.“ ■

Finnur ótrúlegustu hluti í hreinsunarferðum sínum

Íbúar í Laugarnesi bera mikinn hlýðug til gamla loftskýtamannsins í hverfinu sem heldur því hreinu með gönguferðum sínum um hverfið, vopnaður ruslapokum og griptöng.

ser@frettabladid.is

SAMFÉLAG Guðmundur Danielsson hangir ekki inni í sófa á gamals aldri, en þessi aldri loftskýtamaður, sem býið hefur í Laugarnesinu í Reykjavík um langt árabil, fer svo til daglega út að tína upp draslið í hverfinu.

„Ætli ég hafi ekki verið að dunda við þetta í fimmtán ár, sem sýnir hvað maður er að verða hundgamall,“ segir Guðmundur í samtali við Fréttablaðið en hann er fyrir löngu orðinn að samfélagshetju í hverfinu sínu fyrir þennan starfa.

„Fólk stoppar og þakkar mér fyrir. Það er nóg fyrir mig,“ segir Guðmundur og vill sjálfur gera lítið úr því sem hann er að gera á tímum ferðum sínum með ruslapokann. „Einu sinni kom kona og gaf mér konfekt-kassa, svo þakklát kvæðst hún vera í minn garð,“ rifjar hann upp.

En hann lætur ekki Laugarnesið nægja í hreinsunarstarfinu, því ef þokkalega viðrar fer hann líka daglega út á hafnarsvæðið á Granda og tíni þar upp allt það rusl sem hann kemur auga á. „Þar er líka þúfan mín,“ segir hann bókstaflega, enda hreinsar hann listaverkið Þúfunu í þessum ferðum sínum út á Granda.

Höfnin er honum nefnilega hugleikin eftir langa starfsævi sem loftskýtamaður til sjós, fyrst á síðutogurum en seinna meir á farskipum Sambandsins, svo sem á olíuflutningaskipinu Hamrafelli.

Hann kveðst lengi hafa þráast



Guðmundur á ferð sinni um Laugarnesið, en grannar hans dást að dugnaði hans. Sjálfur er hann litillætíð uppmálað og þverneitaði að sitja fyrir á mynd í tilefni umfjöllunarinnar. MYND/ADSEND.



Einu sinni kom kona og gaf mér konfekt-kassa.

við að flytja í bæinn, enda borinn og barnfæddur Borgfirðingur sem ól manninn lengst af á Hreðavatni, og það sé erfitt fyrir náttúrubarn að slíta tengslin við sveitina, já og rollurnar.


En hann hefur heldur betur fundið fjölinna á mölinni og þrífur hana eins oft og veður leyfir. Og finnur

svo til allt á ferðum sínum með ruslapokann í hendi. „Já, blessaður vertu. Mest er þetta þó plastdrasl, en svo er óttalega mikið af sigarettustubbum og tóbakspúðum innan um sprautunálar og annan óþverra. En ég tíni þetta samt allt upp,“ segir hann.

Eitt það óvenjulegasta sem hann hefur fundið er ómerkt umslag með 300 dollurum sem hann fór með á lögreglustöðina. Hann grenslaðist fyrir um það seinna hvort eigandi fjárens hefði fundist, en löggan sagði svo ekki vera. „Hvað verður þá um peninginn? spurði ég, og komst að því að löggan ætlaði bara að halda honum eftir. Ég er því ekkert viss hvað ég geri næst þegar ég finn ómerkt umslag með fullt af seðlum,“ segir Guðmundur Danielsson. ■

FRÁBÆRT TILBOÐ
á kver.is – kr. 2.999

Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu!



MAXUS

AKTU INN Í FRAMTÍÐINA Á 100% RAFMÖGNUM EUNIQ 6!

KOMDU OG KYNNTU ÞÉR EUNIQ 6, GLÆSILEGAN SPORTJEPPA
SEM KEMUR SKEMMTILEGA Á ÓVART



VERÐ KR.

7.150.000

MAXUS EUNIQ 6
5 SÆTA

ALLT AÐ 350 - 452
KM (WLTP) DRÆGNI

Nánari upplýsingar á vatt.is



vatt ehf



vatt ehf



vatt ehf

www.vatt.is

soludeild@vatt.is / Skeifunni 17 / Sími 568 5100

vatt ehf

Rústabjörgunin búin að bjarga tvö hundruð í Tyrklandi

kristinnpall@frettabladid.is

LANDSBJÖRG Alþjóðarústabjörgunarsveitinni, sem teymi Landsbjargar er hluti af, hefur tekist að bjarga rúmlega tvö hundruð manns í Tyrklandi síðastliðna daga og heldur björgunarátakið áfram.

„Við erum að vinna í samhæfingarstjórnstöðinni, að samhæfa aðgerðir alþjóðlegra rústabjörgunarsveita í Tyrklandi. Í því erum við með nokkrar sveitir að vinna í tíu mismunandi borgum í Tyrklandi,“ segir Sólveig Þorvaldsdóttir,

hópstjóri íslenska björgunarsveitarhópsins sem er úti.

Aðspurð segir Sólveig andrúmsloftið vera þungbúið þegar vika er liðin frá jarðskjálftum sem kostuðu að minnsta kosti 36 þúsund lífið.

„Það er þungt. Hér var þessi rosalegi jarðskjálfti, svakalegt tjón og rosalega mörg dauðsföll. Andrúmsloftið er í samræmi við það.“

Sólveig segir að það sé enn verið að leita að fólki samhliða því að aðstoða fólk á vergangi.

„Það eru ákveðnir aðilar í rústabjörgun eins og við, síðan eru aðrir

aðilar í neyðaraðstoð sem höfst undir eins. Það er verið að hjálpa fólki með vatn, teppi og húsnæði á sama tíma og það er verið að leita.“

Austurriski herinn tilkynnti um helgina að aðstoð þeirra væri lokið í bili af ötta við að það kæmi til vopnaðra átaka milli vígahópa. Sólveig segist varla hafa heyrt dæmi um átök þegar hún var spurð að því.

„Ég hef heyrt um tvö dæmi þess efnis sem beinist frekar gagnvart heimamönnum. Ég hef ekki heyrt um neitt atvik þar sem það hafi verið raunveruleg ógn.“ ■



Hluti Íslendinganna að störfum í Adiyaman í gær.

MYND/ADSENDE



Sólveig Anna og Halldór Benjamín frá nýjan sáttasemjara.

Kátt á hjalla við brotthvarf Aðalsteins

helgisteinar@frettabladid.is

KJARAMÁL Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, segist hæstánægð með ákvörðun félags- og vinnumarkaðsráðherra, Guðmundar Inga Guðbrandssonar, um að ríkissáttasemjari, Aðalsteinn Leifsson, stigi til hliðar.

„Við auðvitað fögnum því. Það hefur verið okkar krafa og ánægjulegt að það sé loksins búið að gerast. Fólkið mitt og við erum svo glöð að við erum í smá partístemningu,“ segir Sólveig.

Hún segir að það eina sem eftir er í stöðunni sé að setjast við samningaborðið og gera Eflingarsamning við Eflingarfólk.

„Nú er auðvitað öllum ljóst að sá kjarasamningur sem var undirritaður við starfsmannasambandið fyrir jóla er ómögulegur,“ segir hún.

Sólveig segir að síðasta tillöb Eflingar standi enn og að nú sé ekkert eftir fyrir SA annað en að mæta við samningaborðið. „Ég tel að það hljóti einfaldlega að gerast, menn sem eru búnir að fara fram með þeim svívirðilega hætti sem þeir hafa gert en hafa samt endað á þessum stað með ekkert í höndunum. Það er ekkert eftir nema að semja við okkur,“ segir Sólveig. ■

Vinstri græn lægst hjá lágtekjufólki

Fylgi Vinstri grænna heldur áfram að dala og er flokkurinn nú nálægt 5 prósentu jöfnunarsætisþróskuldinum. Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin tróna á toppnum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Vinstrihreyfingin – grænt framboð er við það að þurrkast út af þingi samkvæmt nýrri könnun Prósents fyrir Fréttablaðið. Flokkur Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra mælist nú aðeins með 5,9 prósentu fylgi og er því innan við einu prósentu yfir þróskuldinum til að fá jöfnunarsæti til þings samkvæmt kosningalögum.

Hefur flokkurinn tapað 1 prósentu frá síðustu könnun, sem gerð var í lok desember, og 2 frá könnun í nóvember þegar flokkurinn mældist með 8 prósent. Athygli vekur að Vinstri græn hafa nú mest fylgi hjá hátekjufólki, með 800 þúsund krónur eða meira í mánaðarlaun, eða 10 prósent. Hjá lágtekjufólki, með laun undir 400 þúsundum, hafa Vinstri græn aðeins 2 prósentu fylgi, minnst allra flokka. Til samanburðar þá hefur Sósíalístaflokkurinn 8 prósentu fylgi í þeim tekjuhópi og Miðflokkurinn 5 prósent.

Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin eru áfram tveir langstærstu flokkarnir samkvæmt könnuninni. Sjálfstæðisflokkurinn stendur í stað og mælist með 23,2 prósentu fylgi. Samfylkingin bætir tæplega 2 prósentum við sig og mælist með 22,1 prósent.


Þetta tveggja turna tal hefur verið við lýði í öllum könnunum síðan Kristrún Frostadóttir var kjörin formaður Samfylkingarinnar á landsfundum í haust.



Þegar Katrín Jakobsdóttir varð forsætisráðherra árið 2017 fengu Vinstri græn 16,9 prósentu fylgi og 11 þingmenn kjörna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fylgi flokka samkvæmt könnun Prósents



Framsóknarflokkurinn hefur náð að stöðva fylgishrunið og mælist nú með 11,8 prósent, 1 betur en í desember. Flokkurinn hafði dalað hratt úr 17,6 prósentu fylgi júnímánaðar.

Viðreisn bætir einnig lítillega við sig, fer úr 6,2 prósentum í 6,9. En Píratar missa tæp 2 og fara úr 14,3 í 12,5 prósent. Það dugar þeim þó til þess að vera áfram þriðji stærsti flokkurinn í könnunum.

Fylgi annarra flokka hreyfist lítið. Flokkur fólksins mælist með 9,5 prósent, Sósíalístaflokkurinn með 4,1 og Miðflokkurinn sömuleiðis.

Yrðu þetta niðurstöður alþingiskosninga væri ríkisstjórnin fallin með 28 menn á móti 35 mönnum stjórnarandstöðunnar, líkt og í desember. Sjálfstæðisflokkurinn fengi 16 þingmenn, Framsóknarflokkurinn 8 og Vinstri græn 4.

Samfylkingin mælist með 16 þingmenn, Píratar með 9, Flokkur fólksins með 6 og Viðreisn með 4. Sósíalístaflokkurinn og Miðflokkurinn drífa ekki yfir múrinn til að hljóta jöfnunarsæti.

Samfylkingin hefur mest fylgi hjá konum, 26 prósent, en Sjálfstæðisflokkurinn hjá körlum, sama hlutfall. Lítil munur er á kynjahlutfalli hjá öðrum flokkum nema Miðflokkurinn, sem nýtur þrefalt meira fylgi hjá karla en kvenna.

Eins og svo oft áður nýtur Framsóknarflokkurinn mun meiri fylgi á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, 19 prósent á móti 8. Flestir aðrir flokkar eru vinsælli á höfuðborgarsvæðinu nema Flokkur fólksins, sem hefur ögn meira fylgi á landsbyggðinni.

Könnunin var netkönnun framkvæmd 27. janúar til 6. febrúar. Úrtakið var 2.400 og svarhlutfallið 51,4 prósent. ■

Áhrif verkfallsins koma fljótt í ljós

benediktarnar@frettabladid.is

STÉTTARFÉLÖG Þórður Guðjónsson, forstjóri Skeljungs, segist ganga út frá því að verkfall bílstjóra í olíudreifingu muni hefjast á miðvikudaginn. Hann telur að ef verkfallið dregst á langinn geti það haft skelfilegar afleiðingar fyrir Ísland.

Þórður segir að verkfall bílstjóra muni fyrst og fremst hafa áhrif innan höfuðborgarsvæðisins þar sem Efling hefur sína starfsemi. Hann segir að olíu sé dreift til allra landshluta frá Örfirisey í Reykjavík og gæti verkfallið haft áhrif um allt land. Skeljungur og Efling eru nú í viðræðum um undanþágur á verkfallinu.

„Við erum í samtali við Eflingu um þær undanþágur sem er verið að sækja um til þess að tryggja almannahagsmunum í landinu. Þær eru gríðarlega fjölbreyttar og margar



Þórður Guðjónsson, forstjóri Skeljungs

og það getur verið mjög flókið að tryggja að undanþágurnar nái til þeirra sem þær þurfa að ná til,“ segir Þórður, en unnið er hörðum höndum að því að fá undanþágur, til að mynda fyrir lögreglu, slökkviliðið, almenningssamgöngur og Landhelgisgæsluna.

Þegar verkfall var samþykkt fór aðgerðaáætlun Skeljungs af stað og hefur verið unnið að því að koma sem mestu eldsneyti til viðskiptavina áður en verkfallið brestur á.

Þórður telur mikilvægt að lágmarka skaða verkfallsins, sem verður gríðarlegur.

„Fólk þarf að tryggja að bensín-tankurinn sé fullur af eldsneyti áður en verkfallið skellur á. Fljótlega munu áhrifin koma í ljós og strax innan sólarhrings munu fyrstu stöðvarnar byrja að tæmast,“ segir Þórður, en bætir við að fólk þurfi ekki að örvænta, nema verkfallið dragist á langinn.

„Þegar bílarnir byrja að tæmast í næstu viku þá verður kannski ekkert mjög mikið eftir af eldsneyti þarna úti. En það sem horfir kannski verr við er starfsemi allra fyrirtækja, sem mun stoppa miklu hraðar heldur en einkabíllinn,“ segir Þórður.

„Þetta verkfall mun bita alveg svakalega og ef það dregst á langinn þá verða afleiðingarnar skelfilegar fyrir Ísland.“ ■

Alex og William manual hvíldarstólar



Nú með 20% afslætti

Alklæddir Anelín leðri Litir: svart, dökkbrúnt og cognac

Alex manual með 20% afsl. 195.000 kr. William manual með 20% afsl. 215.000 kr.

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is



Í SKJÓLI FYRIR
VEÐRI OG VINDUM
BÍLALÚGURNAR ERU
SVO ÞÆGILEGAR



Bílaapótek

VESTURLANDSVEGI

Opið alla daga

9-22

HÆÐASMÁRA

Opið alla daga

10-23

SUÐURFELLI

Opið virka daga

8.30-20

Opið laugardaga

11-17

LYFJAVAL ER Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM

Bílaapótek Vesturlandsvegi • Bílaapótek Hæðasmára • Bílaapótek Suðurfelli • Glæsibæ • Urðarhvarfi • Mjódd • Apótek Suðurnesja

Beinagrindur í bókhaldi kirkjugarða

benediktboas@frettabladid.is

REIKNINGSSKIL Hrun er á skilum ársreikninga kirkjugarða fyrir rekstrarárið 2021. Aðeins rétt rúmlega helmingur kirkjugarða á landinu hafði skilað sex mánuðum eftir eindaga. Í lok desember 2022 hafði Ríkisendurskoðun borist ársreikningar frá 128 kirkjugörðum en í tilkynningu segir að skil ársreikninga kirkjugarða hafi farið stigversnandi síðastliðin ár og eru að mati Ríkisendurskoðunar óviðunandi.

Skilin voru um 76 prósent vegna rekstrarársins 2020 og um 82 prósent vegna rekstrarársins 2019. Kirkjugarðsstjórnnum er skylt að senda ársreikninga kirkjugarða næstliðins árs til stofnunarinnar fyrir 1. júní ár hvert.

Ríkisendurskoðun vekur athygli á að kirkjugarðsgjöld vegna þeirra kirkjugarða sem skiluðu ársreikningi



Yfir helmingur kirkjugarða á eftir að skila ársreikningi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ingi vegna rekstrarársins 2020 námu um milljarði króna en eru nú aðeins um 400 milljónir.

Skýringuna má rekja til þess að langstærsti kirkjugarður landsins, Kirkjugarðar Reykjavíkur, sem voru með um 60 prósent af kirkjugarðsgjöldum vegna rekstrarársins 2020, hafa ekki enn skilað ársreikningi fyrir 2021. ■



Lægðir og leiðindi í veðrinu hafa engin áhrif á ferðamenn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Tvær milljónir ferðamanna í spilunum

benediktboas@frettabladid.is

FERÐAMÁL Sé meðaltalsspá tekin frá öllum þeim sem spá fyrir um komur ferðamanna til landsins er gert ráð fyrir um tveimur milljónum erlendra ferðamanna á árinu og þeim muni fjölga í rúmlega 2,3 milljónir árið 2024 og rúmlega 2,5 milljónir árið 2025.

Í tilkynningu Ferðamálastofu segir að stofnanin sé með hæstu gildin en stofnunin spár að 2,9 milljónir ferðamanna leggi leið sína til Íslands árið 2025. ■

2,9

milljónir ferðamanna getu lagt leið sína til Íslands árið 2025 rætist spá Ferðamálastofu.



Íbúar Kjalarness kalla eftir því að farþegaþyftan verði fjarri heimilum fólks.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Íbúar Kjalarness vilja ekki kláf á Esjuna

benediktarnar@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Íbúaráð Kjalarness skorar á þá sem ætluðu að standa að framkvæmd farþegaferju upp Esjuna árið 2017 að skoða aðra staði upp á fjöll sem væru í ákjósanlegri fjarlægð frá heimilum fólks.

Hugmyndin um að setja upp kláf við Esjurætur hefur lengi verið rædd. Var til að mynda umræða í borgarráði 2015 um að finna aðila til að reka farþegaferju í Esjuhliðum. Í lok árs 2022 samþykkti loks borgarráð að setja kláf upp Esjuna.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri lagði fram tillöguna og kusu allir fulltrúar meirihlutans með hugmyndinni. Sjálfstæðismenn og Sósíalistar sátu hjá.

Á íbúafundi á fimmtudag var hugmyndin rædd hjá íbúaráði Kjalarness, en 2017 mætti hugmyndin gríðarlegri mótspyrnu hjá Kjalnesingum. Skoraði íbúaráðið á þá aðila sem myndu standa að framkvæmdinni að skoða aðrar staðsetningar fjarri byggð. Jafnframt var óskað eftir því að hugmyndavinna og þróun yrði í samráði við íbúa. ■



Íslenska landbúnarsamfélagið var mjög íhaldssamt og breytingar gerðust hægt.

MYND/ADSEND

Nærbuxur með gati voru í dánarbúi frá níttjándu öld

Ný rannsókn á eignum Íslendinga á 19. öld segja mikið um samfélagið og einstaklinga. Engin kúvendur varð þrátt fyrir samfélagsbreytingar.

kristinnhaukur@frettabladid.is

VÍSINDI Þær veraldlegu eigur sem fólk skilur eftir sig þegar það heldur yfir móðuna miklu segja sögu manneskjunnar. Hvort sem það er tóbakshorn eða nærbuxur með gati. Í nývörðu doktorsverkefni sínu rekur Anna Heiða Baldursdóttir sagnfræðingur sögu eigna fólks og safngripa á 19. öld, sem koma meðal annars fram í svokölluðum dánaruppskriftum.

Anna rannsakaði alls 104 dánaruppskriftir frá öllum landshornum, þar af 3 frá Reykjavík. Þetta voru opinber plögg til að lista upp hvern einasta grip sem látin manneskja skildi eftir sig og hvernig honum skyldi ráðstafað. Allt frá nærfatnaði upp í verðmætar fasteignir.

„Oft er það listað hvað hver á að fá og svo uppboð á rest. Sérstaklega ef það voru deilur um arfinn,“ segir Anna, sem varði ritgerð sína þann 7. febrúar síðastliðinn. Ef hinn látni skuldaði hinu opinbera þurfti að gera það upp og svo þurfti stundum að útkljá mál milli erfingja og passa upp á börn hans.

Eigurnar voru hins vegar ansi fátæklegar miðað við það sem við þekkjum í dag. „Ég held að við myndum aldrei komast yfir að lista hvern einasta hlut í dag eins og þá vart gert,“ segir Anna. „Okkur

”

Oft er það listað hvað hver á að fá og svo uppboð á rest. Sérstaklega ef það voru deilur um arfinn.



Anna Heiða Baldursdóttir, sagnfræðingur

myndi fallast hendur bara við það að opna draslskúffuna.“

Dæmi um bú sem hún rannsakaði var hjá kaupmannsekki úr Reykjavík. „Hún átti mjög veglega hluti. Silkikjola að verðmæti 10 ríkisdalir, sem voru meira en árslaun vinnuhjúa,“ segir Anna. En í búunum birtist líka fjölbreytileiki og Anna slær á þá godsögn að samfélagið á 19. öld hafi verið einsleitt. „Fátækir bændur gátu átt mjög verðmæta hluti og ríkir verðlausa,“ segir hún.

Anna rannsakaði dánaruppskriftir frá 1801 til 1898, en flestar frá árunum 1830 til 1850. Einnig rannsakaði hún safnkost þjóðminjasafnsins frá þessum tíma.

Hvernig samband milli manna og hluta breytist, frá arfi yfir í menningararf, svo kölluð efnismenning. Þetta er hægfara saga hversdagslífsins, hvað hlutir geta sagt okkur um verkunnáttu, klæðaburð, áhugamál og fleira.

19. öldin er öld iðnyltingarinnar, þegar margar af mestu uppgötvunum mannkynsins voru gerðar. Hér á Íslandi voru samfélagslegar breytingar, svo sem viðskiptafrelsi árið 1855 og afnám vistarbands árið 1894. Í dánarbúum Íslendinga sjást hins vegar engar kúvendur. „Í grunninn voru dánarbúi í byrjun aldarinnar og við lok hennar þau sömu,“ segir Anna. Gripirnir hafi orðið aðeins fjölbreyttari og leir-áhöld og postulín orðið algengara en tréaskar svo dæmi sé tekið.

En gripirnir geta sagt mikið til um einstaklinga. Til dæmis hvort viðkomandi neytti tóbaks, hvernig smekk hann hafði á klæðnaði eða um hvað hann vildi lesa. Bækur sögðu mikla sögu. „Oft voru þetta aðeins trúarlegar bækur en í sumum dánarbúum var fjöldi alþjóðlegra bóka, stærðfræðibækur, söguannálar og fleira,“ segir Anna.

Eitt búíð var Sighvatar Grímssonar Borgfirðings, alþýðufræðimanns. Hann átti stórt bókasafn sem hann hélt skrá yfir og lánaði til sveitunga sína. „Hann var eins og bókasafn í sveitinni,“ segir Anna.

Eins og gefur að skilja finnast líka einkennilegir hlutir í dánarbúunum. Aðspurð um þetta nefnir Anna bjór, sem hefur þá verið feldur af bifri. „Svo eru þarna nærbuxur með gati,“ segir hún kímín. ■

Gefa litlar upplýsingar vegna myglu

benediktboas@frettabladid.is

SKÓLAMÁL Salvör Nordal, umboðsmaður barna, hefur skrifað mennta- og barnamálaráðuneytinu vegna myglu í grunnskólum og um skyldur skólafirvalda í þeim efnunum.

Salvör segir sér hafa borist fjöldi ábendinga og fyrirspurna frá foreldrum og börnunum.

„Hafa grunnskólanemendur og foreldrar þeirra lýst yfir óánægju með aðgerðir skólafirvalda og þá sérstaklega hvað varðar miðlun upplýsinga um stöðu mála, framgang framkvæmda við húsnæði skóla og ýmsar ráðstafanir eins og til dæmis tilfærslu á starfsemi skóla í önnur hverfi,“ segir í bréfinu.

Hafi foreldrar ítrekað gert athugasemdir við að í slíkum málum sé ekki hugað nægilega vel að rétt-



Mygla er víða í skólastofum barna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

indum barna til upplýsinga og þátttöku í ákvörðunum í málum sem sannarlega varða réttindi þeirra og hagsmuni, segir þar enn fremur. Þá virðist ríkja óvissa um það hverjar

séu skyldur skólanna við börn sem hafi orðið fyrir heilsufarslegum áhrifum af völdum myglu.

Vandinn er að mati Salvarar bæði umfangsmikill og flókinn. Myglu- og rakaskemmdir í grunnskólum hafi raskað skólstarfi hjá fjölda nemenda og valdið mörgum óþægindum og veikindum.

Umboðsmaðurinn segir því fullt tilefni til að mennta- og barnamálaráðuneytið, með hliðsjón af hlutverki ráðuneytisins sem aðsta stjórnsvalds á sviði menntamála, gefi leiðbeiningar um það til hvaða aðgerða skólastjórnendur eigi að grípa, ef upp koma raka- og mygluvandamál, til þess að tryggja rétt barna til heilsu og menntunar og þátttöku þeirra í ákvörðunum um málefni sem varði mikilvæga hagsmuni þeirra og réttindi. ■

Kolluna upp fyrir mömmu!

„Breytingin frá því þegar
mamma var veik er að
núna er miklu meiri
stuðningur í boði“

lifidernuna.is

Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem
greinst hefur með krabbamein og aðstandendur.
Kaupum kolluna á lifidernuna.is



Biðla til fólks að fara frá Rússlandi

kristinnpall@frettabladid.is

RÚSSLAND Sendiráð Bandaríkjanna í Moskvu sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem sendiráðið hvatti bandaríska ríkisþegna til að yfirgefa landið sem fyrst. Ástandið í landinu væri óöruggt og ekki væri hægt að tryggja að bandarískir ríkisþegnar yrðu ekki handteknir án gildrar ástæðu og því væri ekki öruggt að vera í Rússlandi.



Antony Blinken, utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

„Bandarískir ríkisþegnar búsettir eða á ferðalagi um Rússland ættu að yfirgefa landið sem fyrst. Verið á varðbergi vegna hættunnar á ólög-mætum handtökum. Ekki ferðast til Rússlands,“ kom fram í yfirlýs-ingunni og að það væru fordæmi fyrir því að rússnesk yfirvöld hefðu handtekið bandaríska ríkisþegna og dæmt þá án réttlátrar málsmeð-ferðar. ■



Skíðasvæði í Ischl. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Lést í Ölpunum

benediktboas@frettabladid.is

FRAKKLAND Breskur maður um fimmtugt lést í skíðaslysi á sunnudag. Lést hann eftir hátt fall sem endaði í grýttri brekku.

Franska lögreglan ætlar að rann-saka málið en samkvæmt upp-lýsingum frá þeim sem breskir fjöl-míðlar vitna til er talið að maðurinn hafi verið að skíða alltof hratt miðað við aðstæður.

Slysið var í Saulire-héraði skammt frá bænum Meribel þar sem Heims-meistaramótið í skíðum fer fram. ■

Moldóvar óttast valdarán Rússa

gar@frettabladid.is

MOLDÓVA Maia Sandu, forseti Moldóvu, sakar Rússa um að skipuleggja valdarán í Moldóvu. Rússar hyggist steypa af stóli stjórnvöldum í landinu sem vinveitt séu Evrópu með atbeina hermdarverkamanna sem



Maia Sandu, forseti Moldóvu.

dulbúi sig sem mótmælendur.

Segir Sandu hermdarverkamenn-ina vera með bakgrunn úr hernum en klædda borgaralegum fötum. Þeir eigi að stunda ofbeldisverk, ráðast að opinberum stofnunum og taka gísla. Selenski, forseti Úkraínu, sagði á fundi með leiðtogum Evrópu-sambandsins í síðustu viku að Rússar hygðust eyðileggja Moldóvu. ■

Segir að miklu strangari kröfur þurfi að gera til helstu mengunarrisanna

Sérfræðingur segir sláandi að í mörgum tilvikum séu tengsl milli gróða fyrirtækja og mikillar losunar af þeirra völdum. Losun frá Icelandair varpar ljósi á hagsmuni sem ESB og Ísland berjast um vegna gjaldheimtu á losun frá millilandaflugi.

bth@frettabladid.is

LOFTSLAGSMÁL Icelandair losaði árið 2021 um 486.000 tonn og má vænta þess að losun félagsins hafi enn aukist í fyrra með auknum far-þega fjölda milli ára. Alcoa, Norður-ál og Icelandair eru þau þrjú fyrirtæki sem menga mest hér á landi þegar horft er til losunar á kolefni.

Icelandair er í þriðja sæti yfir mest mengandi fyrirtæki landsins. Stór-iðjufyrirtækin raða sér í tvö efstu sætin. Alcoa losar mest, 530.000 tonn, Norðurál losar litlu minna, eða 528.000 tonn, Elkem er í 4. sæti á eftir Icelandair, losar 456.000.

Næst á lista stærstu mengunar-valda atvinnulífsins eru Ísal, Sam-skip og Eimskip. Mörg stór sjávar-útvegsfyrirtæki og orkufyrirtæki koma í næstu sætum. Landsvirkjun er eina fyrirtækið sem spyrnir verulega við fótum með kolefnis-bindingu.

Tvö fyrirtæki sem losa mikið vantar á þennan lista að sögn sér-fræðings sem tók hann saman. Annað þeirra er Samherji, hitt er PCC kísilverksmiðjan á Bakka. Sjálf-bæriskýrslur þeirra, ef þær hafa verið gerðar, eru ekki opinberar og tölur um losun þeirra liggja því ekki fyrir.

Sigurpáll Ingibergsson, tölvu-fræðingur og gæðastjóri, hefur sinnt loftslagsútreikningum og hélt á dögum erindi um þessi mál sem vakti athygli á Loftslagsfundi Festu og Reykjavíkurborgar.

Sigurpáll las í allar sjálfbærn-iskýrslur stærstu fyrirtækjanna sem eru opinberar og upplýsingarnar um mest mengandi fyrirtæki landsins eru byggðar á þeirri athugun. Hann hefur einnig tekið saman gróða fyr-irtækjanna samkvæmt bók um 300 stærstu fyrirtæki landsins. Sláandi samband er að hans sögn í mörgum tilvikum milli mikillar mengunar og góðrar fjárhagslegrar afkomu.

„Hér þarf að bregðast við, því mengun vegna losunar á CO2 er að ganga frá eðlilegu lífi á jörðinni. Hér er um líf eða dauða að tefla,“ segir Sigurpáll sem vitnar til málsgreinar úr bókinni Orsakir fyrir hrúni vist-



Álver Alcoa Fjarðaáls mengar mest allra fyrirtækja hér á landi þegar horft er til losunar á kolefni.

MYND/FJARDAÁL



Við þurfum að gera miklu strangari kröfur til risanna í losun.



Sigurpáll Ingi-bergsson, gæða-stjóri

kerfanna eftir Stefán Jón Hafstein.

„Þar er rætt um fyrirtæki sem fylla bankareikninga sína á sama tíma og þau tæma heiminn af gjöfum nátt-úrunnar.“

Að sögn Sigurpáls kom metnaðar-leysi í sjálfbærnimálum hér innan-lands honum á óvart. Á sama tíma og lista yfir kolefnislosun íslenskra fyrirtækja hafi vantað séu teknar saman nákvæmar upplýsingar um hagnað fyrirtækja og tekjuhæstu einstaklinga. Umhverfisstofnun haldi aðeins utan um losun atvinnu-geira.

Afkoma stórra fyrirtækja úr bókinni „300 stærstu“. Tölur um losun fengnar úr sjálfbæriskýrslum fyrirtækjanna.

Fyrirtæki	Losun tonn af CO2	Kolefnisbinding í tonnum	Hagnaður fyrir skatt í milljónum kr.
Alcoa	530.714	750	18.874
Norðurál	528.455	0	12.591
Icelandair	486.064	500	-16.524
Elkem	456.544	0	8.137
Isal	312.719	0	15.888
Samskip	297.900	0	713
Eimskip	296.684	0	7.909
HS-Orka	86.482	0	2.816
Brim	71.461	0	14.221
Sildarvinnslan	53.385	0	13.172
Orkuveita Rvk.	47.500	7.850	16.192
Landsvirkjun	40.249	34.400	28.748
Play	25.160	0	-3.618
Eskja	23.574	0	5.020
Fisk	21.234	0	4.531

SAMANTEKT: SIGURPÁLL INGIBERGSSON

„Losunarlistar eru nauðsynlegir. Þeir ættu að vera öllum aðgengilegir.“

Sigurpáll segir að tveir tugir fyrirtækja beri ábyrgð á rúmlega 73 prósentum af heildarlosun Íslands fyrir utan landnotkun. Samanlagður hagnaður þessara fyrirtækja hafi verið 136 milljarðar fyrir skatta 2021.

„Ef þau yrðu skyldu til að kolefnisjafna losun og myndu greiða 20 evrur fyrir tonnið, um 3.000 krónur, yrði kostnaður af því rúm sjö prósent af hagnaði fyrir skatta. Það er nú ekki meira en svo,“ segir Sigurpáll.

ETS, viðskiptakerfi ESB, heldur

utan um iðnað, flug og sjóflutninga. Þótt sérstakar reglur gildi um kerfið andar fólk að sér sama loftinu að sögn Sigurpáls. Í þessu ljósi má skoða þá hagsmuni sem eru undir í rimmu ESB og Íslands vegna skuldbindinga frá millilandaflugi þar sem EES-samningurinn er undir.

„Við þurfum að gera miklu strangari kröfur til risanna í losun. Þessi fyrirtæki þurfa í raun að gera neyð-arættun vegna þess hve framtíðin er viðkvæm. Yfirvöld þurfa svo að sjá um að henni verði fylgt eftir.“ ■

Lilja slær nýjan tón um íslenska tónlist

benediktboas@frettabladid.is

TÓNLIST Lilja Alfreðsdóttir menningar- og viðskiptaráðherra ætlar að setja nýja tónlistarmiðstöð á laggirnar og sameina þrjá sjóði. Hún segir að þetta marki ákveðin vatnaskil fyrir tónlistarlífið í landinu.

„Fram undan eru nokkuð röttækur breytingar til þess að efla stuðningskerfi tónlistar á Íslandi og styðja við íslenskt tónlistarfólk í verkum sínum, bæði héraendis og erlendis. Aukin fjárfraðslög hafa þegar verið tryggð til þess að innleiða breytingarnar,“ segir Lilja.

Miðstöðinni er ætlað að verða hornsteinn í íslensku tónlistarlífi og sinna uppbyggingu og stuðningi við hvers konar tónlistarstarfsemi.

Inntón mun sinna fræðsluhlutverki og stuðningi við innlendan tónlistariðnað, Utón mun veita



Bubbi Morthens með Dimmu á tónleikum.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

útflutningsráðgjöf og styðja við útflutningsverkefni allra tónlistar-greina og Tónverk mun svo sjá um skráningu, umsýslu og miðlun íslenskra tónverka.

Nýr Tónlistarsjóður mun taka yfir hlutverk Tónlistar-, Hljóðrita- og Útflutningssjóðs íslenskrar tónlistar, að því er segir í tilkynningu frá ráðuneyti Lilju. ■



Fram undan eru nokkuð röttækur breytingar til þess að efla stuðningskerfi tónlistar.



Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra



Allir kaupendur og seljendur fá
Vildarkort Lindar
sem veitir **30% afslátt**
hjá eftirfarandi fyrirtækjum



DORMA



VÍDD



Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum nema Skovby, af þeim eru 15% afsláttur. **Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum.
Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. **Flügger:** 30% afsláttur af allri innimálningu. **S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum.
Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. **Z brautir og gluggatjöld:** 30% afsláttur af öllum vörum.
Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsasmíðjan:** 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum.
ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.



Bæjarlind 4 - Sími: 510 7900 - www.fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA



Konungsmörgæs var þeð miðað við þá sem fannst á Nýja-Sjálendi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Steingervingur af risamörgæs fannst

benediktboas@frettabladid.is

FORNLEIFAFRÆÐI Uppgötvun vísindamanna á grjóthnullungum sem grafnir voru upp á Nýja-Sjálendi árið 2016 og 2017 sýna að tvær nýjar tegundir mörgæsna voru til. Önnur er sögð stærsta mörgæsategund allra tíma.

Daniel Thomas, dósent í dýrafræði og vistfræði við Massey-háskóla, segir í samtali við þarlanda fjölmiðla að stærsta beinið sem hafi fundist segi til að mörgæsinn hafi vegið allt að 155 kíló.

Þá segir hann að jafnvel þó það vanti stóran hluta beinagrindarinnar séu vísindamennirnir alveg vissir um að fuglinn hafi verið gríðarlega stór. ■

Bandaríkin hafi rofið lofthelgina

helgisteinar@frettabladid.is

KÍNA Utanríkisráðuneyti Kína segir að Bandaríkin hafi tíu sinnum flogið loftbelgi inn í lofthelgi Kína á síðasta ári.

Wang Wenbin, talsmaður utan-



Wang Wenbin, talsmaður kínverska utanríkisráðuneytisins.

sagði þetta á blaðamannafundi í gær og hélt því fram að Bandaríkin ættu að líta í eigin barm í stað þess að ásaka Kína.

Bandarísk stjórnvöld vísa þeim ásökunum á bug en greindu meðal annars frá því að þeir hefðu skotið enn einn loftbelg niður við landamæri Kanada. ■

Kostnaðurinn sé tólf þúsund milljarðar króna

kristinnpall@frettabladid.is

TYRKLAND Í nýrri skýrslu viðskiptanefndar Tyrklands er ályktað að kostnaðurinn við jarðskjálftana í síðustu viku verði að minnsta kosti 84 milljarðar Bandaríkjadala, jafnvirði um tólf milljarða króna.

Fjallað var um skýrsluna á vef Reuters í gær en þar kemur fram að það kosti um 71 milljarð dala að endurreisa allar byggingarnar sem hrundu í skjálftunum.


Þá verði efnahagurinn í Tyrklandi af 10,4 milljörðum dala vegna áhrifa



Forseti Tyrklands lofar því að byggja upp á skjálftasvæðunum.

jarðskjálftanna og 2,9 milljarða dala megi rekja til vinnutaps.

Forseti Tyrklands, Recep Tayyip Erdogan, hefur lofað því að endurreisa byggingar á jarðskjálftasvæðinu á næstunni. ■



Það þarf að endurbyggja þúsundir heimila.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Lækkað viðbúnaðarstig í Noregi en hryðjuverk á þessu ári ekki útilokuð

Norska leyniþjónustan segir að athygli Rússa muni í auknum mæli beinast að Noregi eftir inngöngu Svía og Finna í NATO. Þótt viðbúnaðarstig vegna hryðjuverkaógnar hafi verið lækkað sé enn mögulegt að hryðjuverk verði framið í Noregi á þessu ári.

gar@frettabladid.is

NOREGUR Norðmenn munu leika lykilhlutverk í birgðahaldi fyrir liðstyrk NATO-ríkja til Svíþjóðar og Finnlands. Þetta segir Lars Nordrum, aðstoðarforstjóri Norsku leyniþjónustunnar, við Norska ríkissjónvarpið (NRK).

Þar með beinist athygli Rússa í auknum mæli að Noregi eftir að Svíar og Finnar hafa fengið aðild að NATO að sögn Nordrum. „Við verðum að muna að Rússland á meira en fullt í fangi í Úkraínu,“ minnir hann hins vegar á í viðtalinu við NRK. „Stríðsreksturinn gengur afar illa og þeir eru þunnskipaðir meðfram landamærunum.“

Með inngöngu Svía og Finna í NATO muni spennan samt sem áður aukast. „Það er ljóst að það er mikið vantraust milli Rússlands og NATO og það getur leitt til misskilnings og aukinnar spennu í okkar nærumhverfi,“ segir Nordrum.

Leyniþjónustan norska kynnti á blaðamannafundi í gær nýtt áhættumat fyrir landið. Þar sagði Nordrum að náðst hafi að þrengja að hugsanlegri hryðjuverkastarfsemi. „Við erum enn að koma í veg fyrir alvarlegt tjón, þar með talið eru skipulagðar árásir,“ sagði Nordrum á blaðamannafundinum að því er fram kemur í frétt NRK.

„Hryðjuverkaógn að utan stafar aðallega frá einstaklingum og laustengdum fylgismönnum. Þetta á bæði við um öfgamenn undir íslam og öfgamenn til hægri,“ sagði Nordrum. Um sé að ræða ungt fólk sem leiðist út í öfgahyggu í gegnum



Forsætisráðherra Noregs, Jonas Gahr Store, ásamt krónprinsparinu Hákon og Mette-Marit á vettvangi skotárásar við London Pub í Osló fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Rússland þarf að vita hvar það hefur okkur. Það er mikilvæg stoð í öryggispolitík Noregs.



Anniken Huitfeldt, utanríkisráðherra Noregs

netið. Starf leyni- og öryggisþjónustunnar hafi sem fyrr segir takmarkað svigrúm þessara afla.

Anniken Huitfeldt, utanríkisráðherra Noregs, segir við NRK að

hún vilji leggja sitt af mörkum til að koma í veg fyrir misskilning.

„Rússland þarf að vita hvar það hefur okkur. Það er mikilvæg stoð í öryggispolitík Noregs. Á sama tíma erum við háð fælingarmætti. Hann verður meiri þegar Finnland og Svíþjóð eru orðin meðlimir að NATO. Þá getum við æft og þjálfað saman og fókusinn á norðurslóðir verður meiri,“ hefur NRK eftir Huitfeldt.

Beate Gangås, forstjóri öryggisþjónustu lögreglunnar, PST, segir stærstu ógnina við norska hagsmunum felast í starfsemi leyniþjónustu erlendra ríkja. „Og það á sérstaklega við um ógnina frá Rússlandi,“ segir Gangås við NRK.

Þá bendir Gangås á að Rússar eigi óhægar um vik með slíka starfsemi á erlendra grundu því diplómatísk og viðskiptaleg tengsl hafi rofnað eftir að Rússar réðust inn í Úkraínu fyrir tæpu ári. Fólk sé nú meira á varðbergi.

„Við höfum ekki ástæðu til að hafa minni áhyggjur en fyrir ári síðan. Ég held að nú sé mikilvægt

að skoða aðrar leiðir sem Rússland getur notað til að afla upplýsinga,“ segir Gangås við norska ríkismiðilinn. Rússar séu að útvega sér upplýsingar um mikilvæga innviði. „Þetta eru upplýsingar sem þeir geta notað síðar gegn okkur.“

Að sögn Gangås geta skotmörk fyrir rússnesku leyniþjónustuna meðal annars verið menntastofnanir og fólk á stjórn málasviðinu. „Það er ýmislegt að gerast sem snýst ekki um ólöglegar athafnir. Það snýst um skipulögð uppkaup og aðgerðir til að hafa áhrif. Það eru margvíslegar aðferðir notaðar til að hafa áhrif á stöðu okkar og vinna okkur ógagn,“ segir Gangås enn fremur við NRK.

Viðbúnaðarstig PST hefur nú verið lækkað í það að vera miðlungs frá því í sumar. Þá var það hækkað eftir árás á barnum London Pub í Osló. „En þegar við segjum að ógnin sé miðlungsmikil segjum við um leið að það sé mögulegt að á árinu 2023 verði framið hryðjuverk í Noregi,“ segir Gangås. ■

Þyki heppni að ekki fór verr í gríðarlegum troðningi í París

kristinnpall@frettabladid.is

FRAKKLAND Í skýrslu rannsóknarnefndar um framkvæmd úrslitaleiks Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu karla segir að framkvæmd leiksins hafi mistekist hrapallega. Litlu hafi munað að manntjón yrði.

Í skýrslunni segir að Evrópska knattspyrnusambandið (UEFA) þurfi að axla ábyrgð en ábyrgðin liggja þó helst hjá frönskum yfirvöldum og lögreglunni í París sem hafi ekki verið nægilega undirbúin.

UEFA bað stuðningsmenn afsökunar nokkrum dögum eftir leik.



Yfirvöld í Frakklandi eru sögð forðast að viðurkenna sinn hlut.

Fresta þurfti leiknum á 37. mínútu eftir mikla ringulreið fyrir utan Stade de France, þjóðarleikvang Frakka. Þúsundir stuðningsmanna Liverpool voru fastar fyrir utan völlinn og myndaðist troðningur við öryggishliðin í Parísarborg.

Sky News birti útdrátt úr skýrslunni sem er væntanleg á næstu dögum. Þar kemur fram að frönsk yfirvöld forðast að viðurkenna hlut sinn í atburðinum. Það sé búið að afsanna kenningu þeirra um að fjölmargir stuðningsmenn hafi mætt án miða og átt þátt í vandræðunum.

Þá fær franska lögreglan sinn skerf af gagnrýninni fyrir að bregðast kolrangt við aðstæðum með því að nota táragas og piparsprey til að reyna að ná stjórn á mannskapnum ásamt því að hlusta ekki á raddir enskra stuðningsmanna sem urðu fyrir árás á leið sinni á völlinn. ■



Mikill troðningur varð fyrir utan Stade de France.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ÁSTAND HEIMSINS



Eitt af hið minnsta 33 þúsund fórnarlömbum jarðskjálftans í Tyrklandi liggur í valnum. Einnhverjar góðar fréttir bárust þó seint í gærkvöldi um að stúlka hefði fundist á lífi og að Bandaríkjamaður sem vildi ekki láta nafns síns getið hefði gefið 30 milljónir dollara, eða 4,3 milljarða, í aðstoð til landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



Brimbrettakappi skellir sér út í öldurnar í Auckland á Nýja-Sjálandi en fellibylurinn Gabrielle skall á landið í gær.



Borgarar í Kherson bíða eftir mataraðstoð en útgöngubann var sett á borgina í gær sem hófst um kvöldmatarleytið.



Karlmaður stendur og leitar að ástvinum í Hatay í Tyrklandi.



Viktoría prinsessa og Daniel prins eru í þrjú daga heimsókn í Ástralíu. Hér í Canberra.



Lögrelumaður stendur við Linear-garðinn, skammt frá Manchester, þar sem hin 16 ára trans stúlka Brianna Ghey, fannst látin með stungusár. Lögreljan hefur handtekið tvo unglingspíla grunaða um morðið.

Sjö heimili á dag



Björk
Eidsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Töluvert var fjallað um mikla aukningu heimilisofbeldis í kórónaveirufaraldrinum en vandinn varð svo aðkallandi að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hvatti ríkisstjórnir um allan heim til að grípa til aðgerða. Ísland var engin undantekning í þessum efnum, en færri vita kannski, að á liðnu ári, árinu sem lífið fór aftur í fyrri skorður eftir samkomutakmarkanir og lokunaraðgerðir, var slegið met í fjölda tilkynninga um heimilisofbeldi hér á landi!

Heimilisofbeldi er skilgreint sem ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir af hendi einhvers nákomins. Gerandi og þolandi eru skyldir eða tengdir og háttsemin felur í sér ofbeldi, hótun eða eignaspjöll.

Fyrstu sex mánuði liðins árs bárust lögreglunni sjö tilkynningar á dag um heimilisofbeldi eða ágreining. Sjö tilkynningar á dag! Sjö heimili í molum hvern einasta dag! Reyndar vitum við að raunverulega talan er hærra enda viðkvæmur flokkur þar sem alls ekki öll mál rata á borð lögreglu. Samkvæmt þessu fjölgaði tilkynningum um tæplega 13 prósent samanborið við árin á undan og eru heimilisofbeldismál nú orðin meira en helmingur líkamsmeiðinga- og manndrápsmála sem koma á borð lögreglu.

Flest tilvikin, eða tvö af þremur, eru af hendi maka eða fyrrum maka en málum þar sem um er að ræða fjölskyldutengsl, svo sem ofbeldi á milli barna og foreldra, fjölga einnig og eru tæplega 32 prósent heimilisofbeldismála. Það kemur svo varla á óvart að í um 80 prósentum tilfella er árársaðilinn karl og í meirihluta tilfella, eða tæplega 80 prósent, brotaböllinn kona.

Fyrir helgi var tilkynnt um að áframhaldandi rekstur ofbeldisgáttar Neyðarlínunnar væri tryggður. Ofbeldisgáttina má finna á vefsíðu Neyðarlínunnar, 112.is, en þar er safn upplýsinga fyrir þolendur, aðstandendur og gerendur á íslensku, ensku og pólsku. Framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar sagði við tilefnið að ásókn í úrræðin sem í boði eru hafi margfaldast frá því vefurinn var settur í loftið.

Það má vera að sú vitundarvakning skýri að einhverju leyti tæða fjölgun tilkynninga en markmiðið hlýtur þó alltaf að vera að fækka sjálfum tilfellunum og koma þessum í veg fyrir þær átakanlegu afleiðingar ofbeldis sem sannað hefur verið að ganga mann fram af manni. Til þess þarf vissulega aukna fræðslu – en aðallega þarf að hugsa vandann heildstætt.

Biðlisti er plássfrekt hugtak í íslensku samfélagi. Biðlistar í áfengis- og vímuefnamedferð, biðlistar hjá sálfræðingum og biðlistar hjá geðlæknum telja hundruð, jafnvel þúsundir. Svo jafnvel þeir sem vilja sækja sér hjálp – þurfa að gjöra svo vel og biða.

Biða þar til það er jafnvel of seint. ■



Svo jafnvel þeir sem vilja sækja sér hjálp – þurfa að gjöra svo vel og biða. Biða þar til það er jafnvel of seint.

HALLDÓR



FRÁ DEGI TIL DAGS

ser@frettabladid.is

Áminning

Það getur verið svo gott sem óbærilegt fyrir miðaldra og þaðan af rosknara fólk að skoða tilkynningarnar sem rignir yfir það á samfélagsmiðlum, frá degi fram á dimma nátt, svo sem fésbókinni, sem mun vera orðin að helsta athvarfi gamalmenna – og að sama skapi helst til forpokuð að mati yngra fólksins. Nema hvað. Eldri mannskapurinn á fésbók er sumsé eltur uppi af alls konar auglýsingum sem minnir hann þráfaldlega á hvað aldurinn færir yfir, en þar gengur á með húðvörum og stinningarlyfjum, legþurrksprautum og bakflæðistöflum, brjóstsviðapillum og hormónamixtúrum af öllu tagi ...

Stutt eftir

En þetta er ekki nóg. Fésbókin getur verið miklu miskunnarlausari en þetta. Jafnvel óforskömmuð, ef út í það er farið. Og allt í þágu sölumennskunnar. Hún er farin að fylgja manni fram á grafarkakkann í bókstaflegri merkingu. Eða hvernig getur maður túlkad það öðruvísi en að tíminn sé að verða naumur þegar tilkynningar um haganlega gerða legsteina eru farnar að dúkka upp á þessum blessaða miðli? Og auglýsingin taki af öll tvímæli í þökkabót, því ekki einasta bjóðist manni tveir steinar fyrir einn, heldur sé maður númer eitt í röðinni ... ■

Ný framtíð



Guðmundur Ingi
Guðbrandsson
félags- og vinnu-
markaðsráðherra

Fyrsta samráðsþing í málefnum fatlaðs fólks verður haldið á fimmtudaginn í þessari viku í Hörpu í Reykjavík. Á samráðsþinginu verða kynnt drög að tillögum starfshóps fjölda samstarfsaðila um fyrstu landsáætlun um innleiðingu og framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Á sama tíma stendur yfir í forsætisráðuneytinu undirbúningur að lögfestingu samningsins og stofnun Mannréttindastofnunar. Á samráðsþinginu, sem ber yfirskriftina Ný framtíð, verður leitast við að greina tækifærin fram undan og hvað skipti máli þegar horft er til framtíðar.

Í starfi mínu sem ráðherra hef ég lagt mikla áherslu á þau sjálfsgöðu réttindi að fatlað fólk njóti mannréttinda og mannfrelsis til fulls og til jafns við aðra. Farið hefur fram kröftug vinna hagsmunasamtaka fatlaðs fólks, fulltrúa sveitarfélaga og fjölda ráðuneyta við undirbúning landsáætlunarinnar.

Á undanförunum misserum hef ég stutt við fjölmörg umbótaverkefni félagasamtaka, hagsmunasamtaka og annarra sem ætlað er að bæta lífsgæði fatlaðs fólks og aðgengi þess að samfélaginu í takt við áherslur samnings Sameinuðu þjóðanna.

Í sibreytilegum heimi tæknibreytinga hef ég lagt ríka áherslu á að tryggja stafrænt aðgengi fatlaðs fólks. Við höfum nú stigið fyrsta skrefið í því verkefni með opnun stafræns talsmannagrunns þar sem persónulegir talsmenn fatlaðs fólks geta nú fengið aðgang að stafrænu pósthólfi skjólstaðinga sinna og sinnt margvíslegum rafrænum erindum.

Nýlega tók síðan til starfa vinnuhópur um starfs- og námstækifæri fyrir fatlað fólk í samvinnu okkar háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og mennta- og barnamálaráðherra, auk fjölmargra annarra aðila sem vinna nú að tillögum til að auka tækifæri fatlaðs fólks til náms og starfa.

Fatlað fólk getur verið miklu virkari þátttakendur í samfélaginu en nú er, en til þess þurfum við viðhorfsbreytingu með nýrri framtíð. Ég bind miklar vonir við öll þau verkefni sem nú eru í vinnslu í málefnum fatlaðs fólks, samfélagi okkar til heilla. ■



Fatlað fólk getur verið miklu virkari þátttakendur í samfélaginu en nú er, en til þess þurfum við viðhorfsbreytingu með nýrri framtíð.

FRÁBÆRT TILBOÐ á kver.is – kr. 3.399


Síðasti séns
fyrir Loka!

Skemmtileg bók í
dagbókarstil um
Loka Laufeyjarson
sem sendur er til
jarðar sem 11 ára
strákur til sanna
að hann geti
bætt ráð sitt.



Fri heimsending
á höfuðborgarsvæðinu!

Guð blessi börnin okkar og barnabörn



Ole Anton
Bieltvedt
samfélagsrýnir

Það verður því miður ekki annað séð en að við jarðarbúar séum að sigla inn í heim mikilla breytinga og vaxandi óvissu og óöryggis.

Ég skrifa hér fyrst um horfur á friði/ófriði 2023-2050. Næst mun ég svo skrifa um þróun efnahagsmála, gífurlegar breytingar sem þar er að vænta, en efnahagslegur styrkur, efnahagsmáttur, hinna ýmsu þjóða og heimssvæða, mun breytast gífurlega og þar með stada og áhrifamáttur þeirra í heiminum.

Friðurinn – Evrópa

Friðurinn er það dýrmætasta sem þjóðir jarðar eiga, með honum má byggja, breyta og bæta, án hans hnígur og fellur allt.

Nú, í 74 ár, hafa ESB, evran og NATO tryggt frið í Evrópu, segja verður í Vestur-Evrópu, eftir innrás Pútíns í Úkraínu. Menn kunna að undrast að ég vilji líka þakka evru friðinn, en hún er staðfesting og innsigli 26 evru-ríkja, á samstöðu, samvinnu, bræðralagi og friði sín á milli.

Pútín ógnar ekki bara friði í Austur-Evrópu, heldur í Evrópu allri, trúlega líka í Mið-Asíu, en markmið hans virðist vera að endurreisa Sov-

étríkin, ríkjasamband 290 milljóna manna, en íbúar Rússlands eru 145 milljónir.

Ef Pútín verður ekki haminn, honum haldið niðri í Úkraínu, og/ eða, ef til þess kemur, að Pútín beiti kjarnorkuvopnum í Úkraínu, er gífurleg hættu á útbreiðslu ófriðs, víðtæku stríði, í Evrópu.

Kunst Vesturveldanna er að styðja Úkraínu svo dyggilega og vel að þeir geti endanlega stöðvað innrás Rússa og, helzt, hrakið þá af höndum sér, sem mest til baka að alþjóðlega virtum og löglegum landamærum, án þess að Pútín grípi til kjarnorkuvopna.

Eflaust verða Úkraínumenn að gefa minnst Krímskaga eftir, kannske líka þann hluta Austur-Úkraínu, sem rússneskumælandi fólk byggir. Úkraínumenn geta aldrei unnið þetta stríð og án þess að Pútín geti haldið andlitinu gagnvart rússnesku þjóðinni og umheiminum verður þessu stríði ekki lokið með þeim hætti að framtíðaröryggi Evrópu verði sæmilega tryggt.

Friðurinn – Asía

Kínverjar voru lengst af friðsamleg þjóð, sem hafði sig hernaðarlega lítt í frammi. Á síðustu öld og áratugum hefur þetta breytzt. Nú, sérstaklega með Xi. 1950/1951 innlimuðu þeir Tíbet, og nú má ekki mikið út af bregða til að þeir ráðist á Taívan, en Biden hefur lýst því yfir að Bandaríkjamenn muni verja Taívan.

Nýlega festu Bandaríkjamenn viðveru sína við Suður-Kínahaf í



sessi og tryggðu aukinn hernaðarmátt sinn á Filippseyjum. Fyrir eru Bandaríkjamenn með sterka hernaðarlega viðveru við Austur-Kínahaf, í Suður-Kóreu og Japan. Þar á milli er Taívan-sund og Taívan.

Það virðist mikil hættu á að Xi rjúfi hér friðinn, vilji taka Taívan, sem þeir telja að tilheyri Kína, svipad og Rússar töldu Krímskaga hluta Rússlands, og, að slík aðgerð ögni þá Filippseyjum, Suður-Kóreu og Japan, ekki bara bandalagsþjóðum Bandaríkjanna, heldur í raun verndarsvæði Bandaríkjanna.

Til hliðar við þessa púðurtunnu stendur svo Norður-Kórea með sínar kjarnorkusprengrur og eldflaugar, sem verða sífellt langdrægari og ógna nú ekki aðeins öðrum Asíuríkjum, heldur líka Norðu-Ameríku.

Því miður eru gífurlegar líkur á að upp úr sjóði á þessu svæði innan áratugar, alla vega fyrir 2050, jafnvel miklu fyrr.

Í öllu falli verða Bandaríkin í vaxandi mæli bundin af Asíu-ógninni, sem um leið þýðir að þau hafa síminnkandi efnahagslegt og hernaðarlegt bolmagn til að verja og tryggja frið og öryggi í Evrópu. Enda heyrast þar raddir í vaxandi mæli, einkum meðal Repúblikana, sem krefjast þess, að Evrópa verji sig sjálf.

Það stafar stórfelld ógn af þríeykinu Pútín-Xi-Kim! Það eina, sem getur hamið þá verður bezt lýst með 1. friðarreglu rómverska keisarans Hadrian (76-138 e.K.). „Friður með (hernaðar)styrk!“.

Von Evrópu

Órjúfandi samstada og sjálfstæður og fullnægjandi efnahagslegur og hernaðarlegur máttur Evrópu hefur því gífurlegt gildi fyrir framtíðaröryggi og velferð Evrópu.

Til lengri tíma getum við, Evrópubúar, ekki á aðra treyst en

okkur sjálf, en því miður er hættan á nýjum eða vaxandi ófriði út frá Pútín feikimikil; ég óttast sterklega að friður verði aftur rofinn í Evrópu á næstu árum, kannske áratugum, ef hann heldur völdum.

Meginvonin og huggunin er í raun sú að Þýskaland, tæknivæddasta og efnahagslega öflugasta ríki ESB, er loks að endurhervæða sig með gífurlegri fjárfestingu í vörnum sínum og hernaðarmætti, sem verða um leið grunnvarnir Evrópu, en nokkrum dögum eftir árás Pútíns á Úkraínu ákvað Þýska ríkisstjórnin að setja aukafjárframlag upp á 100 milljarða evra, 15.000 milljarða króna, stjarnfræðilega fjárhæð, í enduruppbyggingu og styrkingu síns hernaðarmáttar, sem hefur setið á hakanum eftir stríð.

Öll önnur Evrópuríki, einkum Norðmenn, Danir, Svíar og Finnar, líka Eystrasaltslöndin, Pólland, Tékkland og Slóvakía, eru á svipadán hátt að auka sín framlög til varnarmála.

Evrópa þarf sennilega fimm ár til að tryggja framtíðar varnir/öryggi sitt. Vonandi fær hún þau.

Efnahagsþróunin 2023-2050

Sjö mestu efnahagsveldi heims 2050 verða Kína, Indland, Bandaríkin, Indónesía, Brasilía, Rússland og Mexíkó. Indónesía, Brasilía og Mexíkó munu fara fram úr Japan og Þýskalandi. Fjalla um þá þróun, stórfelldu breytingar efnahagsstyrks og áhrifa, næst. ■

Aðalfundur Fly Play hf.

Aðalfundur Fly Play hf. verður haldinn þriðjudaginn 7. mars 2023 kl. 16:00 í lönó, menningarhúsi við Tjörnina, Vonarstræti 3, 101 Reykjavík.

DRÖG AÐ DAGSKRÁ:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi liðins starfsárs.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýringum endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
3. Atkvæðagreiðsla um hvernig fara skuli með rekstrarniðurstöðu félagsins á árinu.
4. Kosning í stjórn félagsins.
5. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda stjórnar.
7. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
8. Önnur mál, löglega upp borin.
9. Þátttaka á fundinum verður bundin við þá sem mæta á staðinn.

Reglur um þátttöku og atkvæðagreiðslu á fundinum

Eitt atkvæði er fyrir hvern einnar krónu hlut. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum. Hluthöfum sem ekki sækja aðalfund stendur til boða að kjósa um dagskrármál bréflaga. Eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund þarf beiðni hluthafa um slíka atkvæðagreiðslu að berast félaginu á netfangið legal@flyplay.com. Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá og leggja fram ályktunartillögur. Kröfu þar um skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun sem berast skal stjórn félagsins eigi síðar en fyrir kl. 12:00 þann 21. febrúar 2023.

Hluthafi getur veitt umboðsmanni skriflegt umboð sem skal dagsett. Umboð gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess. Umboð má hvenær sem er afturkalla. Slík umboð skulu berast félaginu áður en aðalfundur hefst eða við skráningu á fundarstað. Umboðseyðublöð verða aðgengileg á vefsíðu félagsins.

Aðrar upplýsingar

Endanleg dagskrá, tillögur stjórnar og fundarskjöl verða birt eigi síðar en 21. febrúar á vefsíðu félagsins:

<https://www.flyplay.com/corporate-governance>.

Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Suðurlandsbraut 14, 108 Reykjavík, virka daga milli kl. 9:00 og 16:00.

Berist tillögur frá hluthöfum verða þær birtar a.m.k. þremur dögum fyrir fundinn ásamt uppfærðri dagskrá.

Samkvæmt 63. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög skal tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst fimm dögum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16:00 þann 2. mars 2023. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Fundargögn verða afgreidd frá kl. 15:00 á aðalfundardegi.

Reykjavík, 14. febrúar 2023

Stjórn Fly Play hf.

VR og verkfall Íslandshótela



Jóhanna Gunnarsdóttir er í framboði til stjórnar VR

Skollið er á með verkfalli hjá Íslandshótelum, sem reka einnig Fosshótel. Um er að ræða Eflingarfélag sem sjá um þrif og framreiða morgunverð hjá hótélunum. VR-félagar, sem manna gestamóttökur þessara hótela, eru hins vegar ekki í verkfalli.

Í samtölum mínum við félag mína í VR sem vinna hjá hótélkeðjunni hefur komið fram hjá þeim óvissa um stöðu þeirra. Orðrómur er um að eigendur Íslandshótela telji að VR-félagar skuli ganga í störf þeirra sem eru í verkfalli, meðan Samtök atvinnulífsins hafa gefið út að þar á bæ íhugi menn verkabann á þá sem starfa á hótélunum eftir kjarasamningi VR. Hvort sem er setur VR-félagi í verulega erfiða stöðu.

Lítið berst frá VR um stöðu okkar fólks. Upplýsingarnar koma úr annarri átt.

Formaður VR, Ragnar Þór Ingólfsson, hefur reynst gifurlega öflugur talsmaður félagsins í fjölmiðlum. Nokkuð sem vel er tekið eftir. Þá er vefsvæði VR einnig góð upplýsingaveita, þ.e.a.s. fyrir þá sem kunna að leita upplýsinganna. Alltof margir vita hins vegar ekkert hverju, eða hvernig, á að leita – og gefast því fljótt upp. Leita svara annars staðar.

Mikilvægt er að við í VR réttum út hönd og liðsinnum félögum okkar sem vita ekki hvert á að leita – og hverju hægt er að leita að. Nálgumst þá t.d. með heimsóknum á vinnu-



staði þeirra, þar sem hægt er að eiga samtalið um mikilvægi kjarasamninga. Ekki bara um laun, heldur þau fjölmörgu réttindi sem áunnist hafa í árána rás. Slík fræðsla er ekki bara til hagsbóta fyrir starfsfólkið heldur einnig fyrir verkalýðshreyfinguna og atvinnurekendur. Réttindi þau sem áunnist hafa, eins og orlof, aðild að sjúkrasjóðum og lífeyristryggingum er enda ávöxtur samninga milli aðila um bætt kjör – en ekki bara laun.

Vinnuskólar sveitarfélaganna, sem starfræktir eru yfir sumarmánuðina, hafa reyndar margir innleitt kennslu um atvinnuþátttöku; réttindi og skyldur á

vinnumarkaði. Það eru þó ekki öll ungmenni sem starfa sumarlangt í vinnuskólanum – og fá því kannski ekki þessa mikilvægu fræðslu. Þá eru auðvitað margir sem hafa komið nýir til Íslands og þekkja ekki íslenskan vinnumarkað í þau. Allt að einu kallar þetta á nýja nálgun á miðlun upplýsinga – sem er þó auðvitað ekki ný af nálinni, enda byggir hún bara á hinu fornkveðna; að eiga samtal fólks á milli. Nokkuð sem miðlun upplýsinga í gegnum fréttaveitur eða samfélagsmiðla kemur aldrei í staðinn fyrir.

Ég hef ákveðið að bjóða mig fram í kjöri til stjórnar VR og vonast til að

koma ný inn í stjórnina – með nýjar áherslur.

Þessar nýju áherslur snúa fyrst og fremst að því að auka jafningjafræðslu innan félagsins, sérstaklega þegar kemur að starfsfólki sem er að hefja atvinnuþátttöku sína á íslenskum vinnumarkaði. Það mun skila sér í auknum skilningi á bæði réttindum og skyldum á íslenskum vinnumarkaði – og auka samstöðu til frambúðar um þann samfélagsáttmála sem við höfum hér þróað og viljum búa við.

Í samtölum sem ég hef átt að undanförunni við félag mína í VR sem vinna hjá Íslandshótelum og Fosshótelkeðjunni hefur komið í ljós að

þeir búa við mikla óvissu vegna þess verkfalls sem nú er hæfið. Verkfalls sem VR á ekki aðild að, en snertir þó félag okkar. Snertir okkar nánasta samstarfsfólk sem við viljum sýna samstöðu með, bæði í hug og verki. Mikilvægt er að réttar upplýsingar berist frá stéttarfélaginu til okkar félag sem vinna í gestamóttökum hótela og ekki eru í verkfalli. Þó meirihluti þeirra sem starfar við gestamóttöku sé fæddur hér á landi er staðreyndin sú að vart væri hægt að halda úti jafn öflugri ferðapjónustu og raunin er, ef ekki kæmi til erlent vinnuafli. Það starfsfólk – og félag okkar í VR – þarf að nálgast sérstaklega, með samtali. ■

”
Mikilvægt er að við í VR réttum út hönd og liðsinnum félögum okkar sem vita ekki hvert á að leita – og hverju hægt er að leita að.

Kolefnismælingar og hagnaður



Sigurpáll Ingibergsson gæðastjóri

Þorsstofninn í hættu vegna loftslagsbreytinga en möguleg tækifæri í sardínum og makríl er frétt á forsíðu Fréttablaðsins 9. desember 2022. Ráðast þarf að rót vandamálsins, stoppa losun GHG.

Slæmu fréttirnar þegar mælingar á losun í virðisbættu fyrirtækja eru að risarnir í losun eru ekki að vinna neitt í losunarsviði 3, nema orkufyrirtækin tvö, LV or OR. Hlutfallið í losunarsviði 3 er 5% en viðmið MSCI vísitölunnar er 88%.

Mælingar í virðisbættunni eru nauðsynlegar til að fyrirtæki skilji rekstur sinn og ábyrgð. Lykilatriði til að ná kolefnishlutleysi (Net Zero emissions). Staðan eða kortlagning hjá fyrirtækjunum minnir mig á landakort sem Christopher Columbus hafði árið 1492 þegar hann ætlaði að sigla til Asíu en endaði í Ameríku!

Engin losun reiknuð við flutning hræfnis og vöru hjá álverum. Einnig hvernig hræfnis er aflagd. Það vantar fallega framtíðarsýn eins og CarbFix hefur um að fanga CO2 úr andrúmslofti og farga nedarjarðar sé flutt í skipum með vistvænu eldsneyti.

Í töflunni eru stærstu kolefnislosunarvaldar Íslands og raðað eftir beinni losun (grái dálkurinn). Fyrsti dálkurinn er hagnaður fyrir

Fyrirtæki	Losunarsv. 1 tCO2i	Losunarsv. 2 tCO2i	Losunarsv. 3 tCO2i	Samtals losun	Samtals losun tCO2i	Kolefnisbinding í tonnum	Hagnaður fyrir skatt í milljörðum kr.
Alcoa	530.714	50.476	130	581.320	580.570	750	18.874
Norðurál	528.455	49.025	177	577.656	577.656	0	12.591
Icelandair	486.064	213	68	486.345	485.845	500	-16.524
Elkem	456.544	10.868	85	467.496	467.496	0	8.137
Isal	312.719	27.877	50	340.646	340.646	0	15.888
Samskip	297.900	294	111.100	409.294	409.294	0	713
Eimskip	296.684	1.102	202	297.988	297.988	0	7.909
HS-Orka	86.482	0	1.271	87.753	87.753	0	2.816
Brim	71.461	305	21.067	92.833	92.833	0	14.221
Síldarvinnslan	53.385	987	256	54.628	54.628	0	13.172
Orkuveita Rvk.	47.500	0	1.100	48.600	40.750	7.850	16.192
Landsvirkjun	40.249	8	10.726	50.983	16.583	34.400	28.748
Play	25.160	8	5.800	30.968	30.968	0	-3.618
Eskja	23.574	357	9.458	33.389	33.389	0	5.020
Fisk	21.234	72	5.031	26.337	26.337	0	4.531
Útgerðarfélag Reykjavíkur	18.738	150	25.027	43.915	43.915	0	4.037
Skinney-Þinganes	17.209	163	5.185	22.557	22.557	0	3.483
Fyrirtæki	3.314.073	141.905	196.732	3.652.709	3.609.209	43.500	136.190
Hlutfall losunarsviða	91%	4%	5%				

Tölur í losunarsviðum 1 til 3 eru fengnar úr sjálfbæriskýrslum fyrirtækjanna. Einnig kolefnisbinding.

Taflan sýnir stöðuna fyrir árið 2021 og veldur hún mér kvíða, loftslagskvíða.

Í töfluna vantar losun frá ksilverinu á Bakka og Samherja.

skatta 2021 og fengin úr bókinni 300 stærstu. Síðan koma losunarsviðin og mótvægisáðgerðin, kolefnisbinding. Athygli vekur að hagnaður gráu fyrirtækjanna 18 er 136 milljarðar fyrir skatta og ef þau væru skylduð skv. mengunarbótareglunni til að kolefnisjafna losun í dag og greiða þrjú þúsund krónur (20 EUR) fyrir tonnið af CO2 væri kostnaður um 10 milljarðar eða rúm 7% af hagnaði fyrir skatta. Sorglegt að sjá að fyrirtækin fjárfesti ekki meira í grænum fjárfestingum, orkuskiptum, hringrásarhugsun, þekkingaröflun og nýsköpun í loftslagsmálum í góðærinu.

Heildarlosun gráu fyrirtækjanna er 3,3 milljón tonn CO2 eða rúmlega 73% af losun landsins fyrir utan landnotkun. Almennigur, sveitarfélög og hin 20.000 fyrirtækin eiga 27%! Til samanburðar er losun gróðurhúsalofttegunda sem er á beinni ábyrgð Íslands 2,7 milljón tonn.

Orkufyrirtækin með yfirburði í kolefnisbindingu en margt spennandi í farvatninu á komandi árum ef staðið verður við framtíðarsýn fyrirtækjanna í sjálfbæriskýrslum. En aðeins rúmlega 1% af losun er kolefnisjöfnuð.

Aðeins Landsvirkjun nær að uppfylla kröfur um kolefnishlutleysi en

búið er að lögfesta að Ísland ætlað ná markmiði um kolefnishlutleysi eigi síðar en 2040.

Einnig er í hættu að Ísland nái markmiði Parísarsamkomulagsins 2030 með þessu aðgerðaleysi.

Stóru losunarfyrirtækin eru ekki að standa sig og sýna litla ábyrgð, stjórnvöld þurfa að taka frumkvæðið með réttlátum umskiptum í loftslagsmálum, setja þarf neyðarlög og skylda fyrirtækin til að gera metnaðarfulla neyðaráætlun.

ETS – Viðskiptakerfi ESB heldur um iðnað, flug og sjóflutninga. Um kerfið gilda sérstakar reglur en þrátt fyrir það þá öndum við að okkur sama loftinu og við þurfum að gera

strangar kröfur til risanna í losun. Mögulegt er að losunartölurnar sem álverin birta í sjálfbæriskýrslum séu mun lægri en losunin er í raun og veru.

Nú er að hefjast nýtt uppgjörssár og vonandi verða þessar upplýsingar til þess að fyrirtæki setji meiri metnað í mælingar á virðisbættunni. Það skiptir miklu máli að finna hvaða losunarbáttur og hvar mest ábyrgðin liggur. Forgangsráða og setja mestan tíma í stærstu loftslagsvænu aðgerðina.

Íslensk fyrirtæki þurfa að spýta í lófana og vera góð fyrirmynd, til að sviðsmyndin – þorsstofninn hverfi úr lögsögunni – raungerist ekki. ■

ALLT

KYNNINGARBLAÐ



Hornsteinn

60 ára afmælisýning

11/02 – 20/08 2023

LISTASAFN
ÁRNESINGA

Austurmörk 21 • 810 Hveragerði

ÞRIÐJUDAGUR 14. febrúar 2023



Cacio e pepe eða piparpasta er vinsæll og einfaldur réttur.

Fyrir ástina

elin@frettabladid.is

Valentínusardagurinn er í dag. Það er hægt að gera sér gláðan dag með einföldum pastarétti og skála í prosecco. Hér er uppskrift að góðu piparpasta sem er vinsæll réttur á Ítalíu enda aðeins fjögur innihaldsefni og bragðið sérlega gott.

Piparpasta
Fyrir tvo200 g spagetti
25 g smjör2 msk. heil piparkorn, marin eða 1 msk. nýmalaður pipar
50 g parmesan eða pecorino ostur, rifinn

Sjóðið pasta tveimur mínútum styttra en umbúðir segja í sóltuðu vatni. Bræðið smjör á pönnu á lágum hita. Setjið piparinn út í smjórið og hitið í nokkrar mínútur. Þerrið pasta en geymið 200 ml af pastavatninu. Pastað fer á pönnuna ásamt 100 ml af vatni og hristið allt saman, ekki hræra. Stráðið rifnum parmesan yfir. Látið bráðna í pastanu. Bætið aðeins meira pastavatni við eftir því sem þarf. Berið strax á borð og malaður pipar yfir.

Prosecco og trönuber

Í tvö glös af kokteil þarf 150 ml trönuberjasafa, 1 msk. grenadine, 50 ml vodka, 1 sneið af límónu, 4 hindber, prosecco og ísmola. Hrærið saman trönuberjasafa, grenadine og vodka með ís. Kreistið límónusafa yfir. Hristið eða hrærið. Setjið í kampavinsglas, fyllið upp með prosecco og skreytið með hindberjum. ■



Andrea Aldan býr í heillandi og litríkri íbúð í hjarta Reykjavíkur. Persónulegur still og litagleði Andreu gefa rýminu einstaklega skemmtilegan og fallegan blæ.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Regnboginn ældi yfir íbúðina

Andrea keypti 47 fermetra risíbúð á besta stað í miðbæ Reykjavíkur fyrir einu og hálfu ári síðan. Með minni háttar fyrirhöfn og útgjöldum glæddi hún íbúðina lit og fegurð. **2**

Alla daga
gegn kulda og sólApótek, Hagkaup og Fjarðarkaup
www.celsus.is



Jóhanna María
Einarsdóttir
jme
@frettabladid.is



Stofan er í uppáhaldi hjá Andreu Öldu enda þykir henni skemmtilegt að fá fólk í heimsókn.



Andrea heillast af litagleðinni í Suður-Ameríku og Marokkó og það sést í íbúðinni hennar.



Andrea leikur sér með óhefðbundnar litasamsetningar og lakkaði meðal annars dyrakarmana í áberandi litum.



Andrea notar spegla til þess að stækka íbúðina og dreifa birtunni. Peysan er hennar eigin hönnun og handverk.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Í eldhúsinu er mosagrænn veggurinn fallegur bakgrunnur fyrir öll fallegu listaverkin hennar Andreu.



Það myndu ekki allir þora í limegrænt og gult eldhús, en það verður að segjast að það kemur ótrúlega vel út.



Andrea segist hrifin af hringlaga formum sem sést vel. Endurtekningin gerir einhvern sérstakan galdur.

Andrea Aldan Hauksdóttir er fædd og uppalin í miðbænum og hefur alltaf líkað vel við miðbæinn.

„Ég sleit barnskónum á Barónsstígunum. Öll fjölskyldan býr líka miðsvæðis, sem er mjög þægilegt og ég lifi bíllausum lífsstíl. Það að geta labbað allt það helsta sem ég þarf að fara er yndislegt,“ segir Andrea Aldan sem er myndlistarmaður að mennt með árs fornám úr Myndlistaskólanum í Reykjavík og bakkalárgráðu í myndlist úr LHÍ.

Er ætlað að búa hér

„Það er frekar krúttleg saga á bak við hvernig ég endaði í þessari íbúð, en ég hef búið á sama stiga-gangi í þessu húsi í að verða sjö ár,“ segir Andrea. Hún flutti inn í herbergi á þriðju hæð hússins þegar hún kom aftur heim frá London 2015 og bjó þar í þrjú ár uns hún keypti íbúð með fyrrverandi kærasta. „Sambandið gekk ekki og ég fór út í skiptinám. Þegar ég kom heim snemma árs 2020 var gamla herbergið mitt á þriðju hæðinni laust til útleigu. Ári seinna ætla leigusálinn á þriðju hæð að selja, en þá er risið laust og ég flyt hingað.“

Það fyrsta sem stakk mig þegar ég flutti inn í risið var gamli, ljóti gölfúkurinn, sem mér fannst draga rýmið mikið niður. Ég hafði fengið leyfi til að mála hann en lagði ekki í það fyrr en ég keypti íbúðina sjálf.“ Það fór svo að eftir ár í risinu var íbúðin sett á sölu og Andrea keypti hana. „Mér finnst eins og mér sé ætlað að búa hérna. Mér líður og hefur alltaf líðið mjög vel í þessu húsi. Mér finnst líka

vera góður andi í húsinu og frá-bærir nágrannar. Þú finnur heldur ekki betri staðsetningu, finnst mér.“

Speglar birtuna

Íbúðin er skráð 47 fermetrar en þar sem hún er undir risi er gölf-flöturinn mun stærri. Rýmið er vel skipulagt og eru þar þrjú svefnherbergi og stofa. „Mér fannst íbúðin bjóða upp á mikla möguleika, en nú þegar eru til teikningar til að stækka eldhús og bæta við svölum. Draumurinn væri að bæta við hæð og vera með myndlistarstúdíó heima. Ef það fæst ekki leyfi fyrir því væri ég til í að bæta við kvistum. Íbúðin er litil og það vantar svoltitíð birtu, sem er leiðinlegt fyrir plöntusjúka konu eins og mig. Ég hef sett spegla til móts við gluggana til að reyna að grípa og dreifa dagsbirtunni betur og stækka rýmið. Það hefur verið ferli að sjá hvers konar plöntur lifa af skammdegið og skort á sólarljósi.“

Ég er mjög hrifin af hringlaga formum, en í stofunni eru fjórir hringlaga speglar. Tveir úr Góða hirðinum sem ég málaði, einn úr Ikea og fjórði er frá Rúmfatalagernum. Aftan á útidyrhúðinni eru líka speglaflisar úr Ikea sem mér finnst koma skemmtilega út.

Ég er hrifust af gömlum hús-gögnum með sál og hef fengið margt gefins á Facebook, málað og gert upp. Ég hef líka verslað mikið í Góða hirðinum og á nytjamörkuðum en er samt með einhver Ikea-húsgögn auðvitað. Á baðinu yfir klósettinu er gamall spegill sem ég fann í Góða hirðinum og þússaði og lakkaði bláan. Stelpa

í Skreytum hús-grúppunni á Facebook kannaðist við hann, en hann er frá ömmu hennar og afa. Það fannst mér krúttlegt.

Uppáhaldsstaðurinn í íbúðinni er klárlega stofan. Mér finnst mjög gaman að bjóða fólki í mat og spil, og svo eyði ég mestum tíma þar. Sá hlutur sem setur svo punktinn yfir i-ð er ljósakrónan í miðri íbúðinni sem ég fékk í Lömpum í Hafnarfirði og litur út eins og hálfgerður kolkrabbi,“ segir Andrea.

Páfuglinn í fjölskyldunni

Það fyrsta sem blasir við þegar komið er inn í íbúðina er einstök litagleði og óvæntar og heillandi litasamsetningar. Aukaherbergið leigir Andrea út til grískrar vinkonu sinnar, Jaris, sem kennir í Alþjóðaskólanum í Garðabæ. „Hitt herbergið er mjög lítið svo ég leigi það stundum út í styttri tíma. Síðast var starfsnemi frá Ítalíu í Kling og Bang sem bjó með okkur í nokkra mánuði.“

Jaris treystir mér alfaríð til að sjá um sameiginleg rými og hanna. Hún er mjög hrifin af fjólubláum sem ég var sjálf ekki fyrir. En nú er ég komin á fjólubláa línuna og endaði með að mála baðherbergið í fjólubláum og ljós-turkis, sem er minn uppáhaldslitur. Svo búa hérna auðvitað læðurnar Nóra og Ylfa, þær stjórna öllu.“

Andrea var ekki alltaf svona litaglöð. „Upp úr tvítugu varð ég óhræddari við að fara eigin leiðir í persónulegum stíl í fatavali og umhverfi mínu. Æskuheimilið var voðalega gráleitt. Pabbi er verkfræðingur og mun íhaldssamari á liti en ég og mamma. Þau eru skilin í dag.“

Mamma er nokkuð litaglaðari en pabbi en hún er meira fyrir austurlensk áhrif, dekkri og jarðbundnari liti en ég. Ég er klárlega páfuglinn í fjölskyldunni,“ segir Andrea.

Málar yfir mistökinn

Andrea hefur ferðast víða og segir ferðalögin hafa haft mikil áhrif á sinn stíl. „Ég heillast mikið af litasprengjunum í Suður-Ameríku, Marokkó og Mexíkó en ég fór með mömmu til Marokkó árið 2021. Það virðist hafa síast inn í undirvindina því stuttu síðar var íbúðin mín orðin eins og regnboginn hafi komið í heimsókn og ælt yfir hana,“ segir Andrea og skellir upp úr.

„Ég fer samt í gegnum tímabil með liti. Fyrir nokkrum árum var ég með bláan á heilanum og íbúðin sem ég bjó í var hálfgerð fiskabúr. Þegar mig vantaði meiri heilun og ró var ég sjúk í grænan. Þá var eldhúsið dökkgrænt og margir veggir mosagrænir. Þegar ég var að klára námið í Listaháskólanum var stanslaust verið að loka skólanum út af faraldrinum og við máttum ekki fara í stúdíóin okkar,“ segir Andrea. Á meðan fékk hún meðal annars útrás fyrir sköpunargleðina í því að hanna, þrjóna og hekla peysur sem hana langar til að gera meira af í framtíðinni.

„Sköpunarþörfin fékk líka útrás í íbúðinni. Listnámið opnaði hugann á marga vegu og breytti því hvernig ég sé rými. Við erum í stöðugri þróun og göngum í gegnum ólík tímabil. Ekkert varir að eilífu og mistök eru oft besta gjöfin. Ef eitthvað virkar ekki er alltaf hægt að mála yfir það og byrja upp á nýtt,“ segir Andrea. ■

”
Fyrir nokkrum árum var ég með bláan á heilanum og íbúðin sem ég bjó í var hálfgerð fiskabúr.

Andrea Aldan

Mundu eftir þér á hverjum degi!

Brosandi með burnirót

Náttúruleg & kröftug
blanda fyrir aukna orku
& hamingju

Íslensk burnirót
með einstaka virkni



ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS



Þjónusta

Bókhald

FRAMTALSADSTOD - BÓKHALDSPJONUSTA

Þjóðum einstaklingum framtals-
aðstoð og fyrirtækjum alhliða
bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma
8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is



Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra
stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj.
Mikael's. S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Spádómar

SPÁMIÐILL ER BYRJUÐ AFTUR

• SPÁI Í SPIL OG KRISTALSKÚLU
MED HJÁLPI AÐ HANDAN
• HEILUN

DÓRA FRÁ BREKKUKOTTI
S. 5574391

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli.
Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas,
snitsel og steikur. www.myranaut.is
s. 868 7204

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Gítarar og
hljómborð
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við að leita að þér?

INNFELLDIR LOFTVENTLAR



LOFTVENTLAR SEM FALLA INN Í GIFSPLÖTUR



Íshúsið



viftur.is

S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur



VS



ORIGO HÖLLIN HLÍÐARENDA ÞRIÐJUDAG KL. 19:45

**KJÖTSÚPA & PYLSUR FYRIR LEIK
KALDUR Á KRANA Í FJÓSINU**

**HANDBOLTAUNNENDUR SNÚUM BÖKUM SAMAN
MÆTUM & STYÐJUM VALSARA TIL SIGURS!**



tix IS



Björgvin Páll þarf að vera með umbúðir eftir meiðslin fyrir helgi. Það bitur hins vegar ekkert á kappann sem er harðákveðinn í að taka þátt í mikilvægum Evrópuleik Vals gegn Benidorm í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

Meiðslin stöðva Björgvin Pál ekki



Helgi Fannar
Sigurðsson
helgifannar
@frettabladid.is

Björgvin Páll Gústavsson lætur meiðsli sem hann varð fyrir í leik Vals gegn KA fyrir helgi ekki stoppa sig og mun taka þátt í mikilvægum leik gegn Benidorm í Evrópudeildinni í kvöld. Hann er stoltur af félagi sínu fyrir framgönguna í Evrópukeppni það sem af er.

HANDBOLTI „Þetta leggst mjög vel í mig. Við erum búnir að spila vel síðasta eina og hálfu árið og erum fullir sjálfstrausts. Við trúum því að við getum náð í tvö stig gegn góðu liði Benidorm,“ segir Björgvin Páll Gústavsson, markvörður Vals og íslenska landsliðsins, brattur fyrir stórleikinn gegn Benidorm á heimavelli í Evrópudeildinni í handbolta í kvöld.

Valur situr í fjórða sæti af sex liðum í riðli sínum sem stendur. Efstu fjögur liðin fara einmitt áfram í 16-liða úrslit. Valur er með jafnmörg stig og Ferencvaros, sem er í fimmta sæti, og stigi á undan Benidorm fyrir leik kvöldsins, en öll lið eiga þrjá leiki eftir. Mikilvægi leiksins í kvöld er því gríðarmikið.

„Ég er búinn að vera að spila úrslitaleiki með Val síðan ég mætti hingað. Það heldur bara áfram. Þessi leikur er stórkostlegur að því leyntinu til að við erum með þetta í okkar höndum. Við getum tekið gott skref í átt að 16-liða úrslitum í þessari keppni með sigri. Það er auðvitað ótrúlegt fyrir félagið og íslenskan handbolta. Það eru sextán lið í Meistaradeildinni svo ef við komumst í 16-liða úrslit í þessari keppni erum við að stimpla okkur inn sem eitt af 32 bestu liðum í Evrópu. Okkur dreymir um að komast þangað en til þess þurfum við að vinna á morgun.“

Meiðslin engin hindrun

Björgvin varð fyrir nokkuð ljótum meiðslum í síðasta deildarleik gegn KA. Það mun ekki hindra þátttöku reynsluboltans gegn Benidorm, þó svo að lækni Björgvins hafi ekki alveg verið á því að hann eigi að spila. „Ég fékk bottann í hlið puttans,



Að fá þennan stuðning var bara unaðslegt og ástæðan fyrir því að maður er enn þá í þessu.

skot sem ég hef aldrei fengið áður í mig. Það opnast á milli fingranna gat sem ég horfi bara ofan í,“ segir Björgvin um meiðslin en ljóst er að það var ekki fögur sjón sem blasti við kappann þar.

„Ég verð með. Það breytist ekkert. Þó svo að lækni hafi ekki mælt með því þá gaf hann mér grænt ljós á það. Það versta sem getur gerst er að saumarnir rifni upp og að ég þurfi að mæta aftur til hans. Ég tók mér frí á æfingu í gær og í dag en svo mæti ég bara í leikinn. Þetta mun ekki hamlar mér frekar en fyrri daginn.“

Ljóst er að verkefni gegn Benidorm í kvöld verður ekki auðvelt. Björgin bendir hins vegar á að Valsarar séu einnig ansi erfiðir við að eiga.

„Þetta eru tvö óþægileg lið. Ég held að við séum óþægilegir mótherjar. Það tala margir um hraðann hjá okkur, hvernig við vinnum leiki og að það sé óþægilegt að mæta okkur. Að sama skapi er Benidorm þannig líka en á allt annan hátt. Það eru aðrir hlutir sem þeir leggja áherslu á. Þeir spila 7-6 til dæmis stórkostlega.

Þeir spila með skemmtilegar blokkeringar frá línumanni, eru með litla hraða leikmenn sem hoppa inn í allar eyður. Ef þeir skora ekki þá grípa þeir um andlitið og þykjast hafa meitt sig. Það er eitthvað sem dómarnir geta vonandi tekið fyrir á morgun. Þetta eru miklir handboltamenn og góðir í sínu en þetta er ljóður á þeirra leik, hvernig þeir grýta sér í jörðina.“

Mikill karakter er í liði Benidorm. „Þeir hafa lent 5-6 mörkum undir í leikjunum en samt náð að koma til baka og strítt flestum liðunum. Við unnum þá í síðasta leik og við trúum að við getum gert það aftur á heimavelli.“

Horfir inn á við

Björgvin var að sjálfsögðu hluti af íslenska landsliðinu sem tók þátt á HM í janúar. Miklar væntingar voru gerðar til liðsins en að lokum fór það svo að Strákarnir okkar höfnuðu í tólfta sæti. Nú þegar nokkrar vikur eru liðnar frá mótinu var Björgvin beðinn um að horfa í baksýnis-spegilinn.

„Það sem við gerum eftir svona mót er að líta í eigin barm. Það sem ég get gert er að líta á mig. Ég er í raun bara sáttur með einn leik hjá mér á mótinu. Það eru allir að skoða sjálfan sig og sjá hvað betur má fara. Það er eina leiðin fram á við.“

Þetta var auðvitað svekkjandi og í raun ömurlégt því það var skrifað í skýin að við myndum gera vel. Það var fullt af Íslendingum, þetta var í Svíþjóð, nánast á heimavelli.“

Björgin, sem og íslenska liðið, mun nýta mótið í ár þegar fram liða stundir.

„Maður kom heim svolítið pirraður. Það var kannski það jákvæða. Maður mætti á æfingu 1-2 dögum seinna og var bara með næstu 352 daga í hausnum, fram að næsta móti. Maður notar þetta mótlæti til að skila enn þá betra verki í hús í framhaldinu, hvort sem það er að berjast um að vera í hópnum eða að komast á EM og skila því í hús sem við ætlum okkur.“

Umgjörð í sérflokki

Björgvin er gífurlega stoltur af þeim stuðningi sem Valur hefur fengið í Evrópudeildinni það sem af er, sem og umgjörð félagsins. Hann hvetur fólk til að mæta á völlinn í kvöld.

„Það myndi ekki skemma fyrir að vera með fullt hús og flotta stemningu. Þetta hefur verið ótrúleg upplifun hingað til, hvort sem það er heimaleikurinn á móti Flensburg, Ystad eða hver sem er. Þetta er alltaf sama stemning, Evrópukvöldin á Hlíðarenda. Það smitast inn á völlinn. Menn eru alveg meðvitaðir um hvað er að gerast. Þetta er eitthvað annað. Það hjálpar okkur líka að mæta liðum sem eru í smá sjokki yfir okkar umgjörð. Benidorm sem dæmi er með eina slökustu umgjörð sem ég hef upplifað á ferlinum. Við spilum fyrsta útileikinn í Evrópu gegn þeim og þeir voru aðeins að læra á þetta líka. En þeir leggja ekki eins mikið í söslurnar og við þegar kemur að umgjörð.“


Við erum stoltir af umgjörðinni og félaginu. Það er búið að setja standard fyrir framhaldið, félög sem komast í Evrópudeildina.“

Gríðarlegur stuðningur myndaðist á meðal Íslendinga á HM í Svíþjóð og lagði fjöldi manns land undir fót til að vera á staðnum.

„Þetta snerist líka um það hjá okkur að það voru fjögur þúsund manns á leikjunum. Það er fólk sem við viljum halda og við vildum líka setja það þannig upp að við værum að safna áhorfendum. Við viljum að þessi þrjú til fjögur þúsund manns sem komu til Svíþjóðar komi líka til Þýskalands. Þannig að eins erfitt og það var að fagna sigrinum á móti Brasilíu eins og við gerðum þá var það hluti afferlinu og að þakka þeim sem komu að styðja okkur.“

Ég er með gæsaástand núna að hugsa um þetta,“ segir Björgvin og bendir á hendur sínar. „Að hlusta á sönginn og öll lätin sem voru í restina þótt við værum að spila upp á sæti sem mögulega skipta engu máli. Að fá þennan stuðning var bara unaðslegt og ástæðan fyrir því að maður er enn þá í þessu.“

Leikur Vals og Benidorm hefst klukkan 19.45 í kvöld. ■



VAR er umdeilt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Boðað til neyðarfundar

hordur@frettabladid.is

FÓTBOLTI Howard Webb, yfirmaður dómara í ensku úrvalsdeildinni, hefur boðað til neyðarfundar í vikunni þar sem farið verður yfir stöðuna sem upp er komin. Dómarar á Englandi áttu vonda helgi þar sem VAR, myndbandstæknin og dómara gerðu afar afdrifarík mistök.

Stærstu mistökin voru gerð þegar Brentford jafnaði gegn Arsenal. Lee Mason sem var í VAR-herberginu gleymdi þá að teikna línu þar sem leikmaður Brentford var rangstæður í jöfnunarmarkinu.

Hefur þetta orðið til þess að Howard Webb hefur beðið Arsenal afsökunar en þessi mistök Mason gætu haft veruleg áhrif í titilbaráttunni.



Afsökunarbeiðnin sem Arsenal fékk er önnur formlega afsökunarbeiðnin sem félagið fær frá dómurum á þessu tímabili. Ljóst er að töpuð stig með þessum hætti gætu orðið dýrkeypt þegar mótið er á enda.

Algjörlega löglegt mark var svo tekið af Brighton í leik gegn Crystal Palace sem endaði með 1-1 jafntefli. Þau mistök Johns Brooks í leiknum urðu til þess að hann hefur verið settur til hliðar, átti Brooks að vera VAR-dómari í vikunni en fer í frystikistuna.

Fleiri stór mistök voru gerð um helgina og hefur Webb boðað alla dómara í deildinni á fund í vikunni þar sem farið verður yfir stöðu mála og hvernig þeir geti reynt að bæta ráð sitt. ■

2

Chiefs er annað liðið í sögu Super Bowl sem er tíu stigum undir eða meira í hálfleik en vinnur.

1

Snertimark Skyy Moore í fjórða leikhluta úrslitaleiksins var hans fyrsta í NFL-deildinni

5

Mahomes er fimmti leikstjórnandinn í sögunni til að hljóta nafnbótina besti leikmaður Super Bowl (e. MVP) tvisvar

4

Chiefs fengu fjórar sóknir í seinni hálfleik og skorðu úr þeim öllum.

Þrátt fyrir að hafa meiðst illa á ökkla í leiknum var Mahomes drjúgur að sækja endurnýjanir með því að hlaupa undan vörn Eagles.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ný rós í hnappagat Íslandsvinarins

Leikstjórnandinn og Íslandsvinurinn Patrick Mahomes minnti enn einu sinni á það hvað í honum býr þegar hann leiddi Kansas City Chiefs til sigurs í leiknum um Ofurskálina (e. Super Bowl) aðfaranótt mánudags. Þetta var annar meistaratitill Mahomes, sem á nóg eftir á tankinum.

kristinnpall@frettabladid.is

NFL Patrick Mahomes bætti annarri skrautfjöldur við ansi glæstan feril aðfaranótt mánudags þegar hann vann sinn annan meistaratitill sem leikstjórnandi Kansas City Chiefs í 38-35 sigri á Philadelphia Eagles í leiknum um Ofurskálina. Með því varð hann þrettándi leikstjórnandinn í sögu Ofurskálanna til að vinna tvo úrslitaleiki sem byrjunarliðsmaður og um leið fyrsti leikmaðurinn sem fylgir nafnbótinni verðmætasti leikmaður deildarinnar (e. Most Valuable Player) eftir með meistaratitli í 24 ár.

Það var ekki margt sem benti til þess að Chiefs myndi vinna leikinn þegar liðin gengu inn til búningaklefanna í hálfleik. Ernirnir frá Filadelfíu leiddu með tíu stigum og Mahomes fór haltrandi af velli



Þetta er annar meistaratitill Mahomes en ef hann sleppur við meiðsli ættu fleiri meistaratitlar að fylgja á næstu árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

skömmu fyrir lok fyrri hálfleiks eftir harkalega tæklingu eftir að hafa glímt við meiðsli í aðdraganda leiksins. Auk þess sýndi tölfræðin að fyrir leik gærdagsins voru lið sem voru tíu stigum undir í hálfleik eingöngu búin að vinna einn leik af 27. Það þurfti því töfra til að galdra fram sigur og án Mahomes hefði Chiefs ekki átt roð í öflugt lið Eagles.

Umdeilt víti aðstoðaði Chiefs vissulega á ögurstundu í leiknum en þegar liðið er í baksýnispegilinn verður að horfa til þess að það stóð

ekki steinn yfir steini í vörn Eagles. Ein besta varnarliða deildarinnar, sem bætti metið yfir leikstjórnendafellur á tímabilinu, kom höndunum ekki á Mahomes sem tætti í sig vörn Eagles þegar það skipti máli. Þó að Mahomes hafi ekki kastað fyrir mörgum jörðum tókst honum að finna glufurnar í seinni hálfleik þegar úrslitin réðust.

En hvað er næst fyrir Mahomes og Höfðingjana frá Kansas City? Liðið gekk í gegnum víska endurnýjun á milli tímabila þegar Mahomes



Veðbankar telja Kansas City Chiefs líklegast til að vinna meistaratitilinn á næsta ári.

missti sitt helsta vopn í Tyreek Hill. Útsjónarsemi í nýliðavalinu varð til þess að varnarleikur liðsins stórbatnaði á milli tímabila og má leidda líkur að því að Höfðingjarnir vilji bæta við vopnum fyrir Mahomes í útherjasveitinni. Það er því líklegt að við sjáum Chiefs aftur berjast um meistaratitilinn á næsta ári og næsta áratuginn enda Mahomes á samningi næstu sjö árin. Verkefni Kansas City nú er því að finna réttu púslin í kringum leikstjórnandann frábæra því hann sannaði enn á ný um helgina að hann á iðulega ás uppi í erminni, sama hverjar aðstæðurnar eru. ■

Úrslitastund að hefjast á meðal þeirra bestu í Meistaradeild

hordur@frettabladid.is

FÓTBOLTI 16 liða úrslit í Meistaradeild Evrópu fara af stað í kvöld með látum þegar stórlíðin Paris Saint-Germain og FC Bayern eigast við í fyrri leik liðanna. Leikurinn fer fram á Parc des Princes í París en liðin mætast svo í síðari leiknum í Bæjaralandi.

Draumur eiganda PSG er að vinna Meistaradeildina og hafa vonbrigðin verið gríðarleg síðustu ár. Með Lionel Messi, Neymar og Kylian Mbappe í fremstu víglínu eru gerðar kröfur um að liðið fari alla leið. Hindrunin í vegi þeirra verður hins vegar vart stærri en þýska stórveldið, Bayern, á sér ríka sögu í Meistaradeildinni. Þýska liðið hefur þó oft verið meira sannfærandi en undanfarna mánuði og



PSG fékk Messi til þess að vinna Meistaradeildina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Leikir í vikunni

Þriðjudagur:
20.00 AC Milan - Tottenham
20.00 PSG - FC Bayern

Miðvikudagur:
20.00 Borussia Dortmund - Chelsea
20.00 Club Brugge - Benfica

gæti þetta verið gott tækifæri fyrir PSG að komast áfram.

Antonio Conte, stjóri Tottenham, þarf að grafa djúpt til að ná leikmönnum sínum á flot eftir slæmt tap gegn Leicester um helgina. Liðið heldur til Ítalíu í kvöld og mætir AC Milan í áhugaverðu einvígi. Tottenham hefur orðið fyrir gríðarlegri

blóðtöku á undanförunum dögum, fyrirliðinn og markvörður liðsins, Hugo Lloris, er meiddur og spilar ekki næstu vikurnar. Þá meiddist Rodrigo Bentancur illa um helgina og verður frá í sjö mánuði, hefur hann verið einn jafn besti leikmaður Tottenham á tímabilinu. AC Milan situr í fimmta sæti ítölsku úrvalsdeildarinnar en Tottenham er í sama sæti á Englandi.

Á miðvikudag fer eitt dýrasta lið í heimi, Chelsea, til Þýskalands og mætir þar Borussia Dortmund. Dortmund hefur verið á flugi í Þýskalandi og er til alls líklegt gegn Chelsea. Graham Potter hefur verið í tónum vandræðum eftir að hann tók við Chelsea, botnlaus eyðsla félagsins hefur hingað til ekki skilað sér í úrslitum innan vallar. Búast má við jöfnum leik. Á sama tíma eigast við Club Brugge og Benfica. ■

MERKISATBURÐIR

1863 Flóð verður í miðbæ Reykjavíkur þegar snögglega þiðnar eftir miklar frosthörkur.

1952 Vetrarólympiuleikarnir 1952 hefjast í Ósló í Noregi.

1969 Landsprófsnemendur ganga fylktu liði um götur Reykjavíkur til að leggja áherslu á kröfur sínar um endurskoðun skólakerfisins.

1970 Enski leikarinn Simon Pegg fæddur.

1987 Íslenska kvikmyndin Skyttarnar er frumsýnd.

1992 Úkraína og fjögur önnur fyrrverandi Sovétlýðveldi hafna tillögu Rússa um að reka sameiginlegan her.

1994 Björk Guðmundsdóttir er valin besta alþjóðlega söngkonan og besti nýliðið á Brit-tónlistarverð-launahátíðinni í Bretlandi.

2005 Vefsíðan YouTube fer í loftið.



Einar Jóhann að störfum. Hann vonast næst eftir að fá að kynna plankabátum betur.

MYND/ÞSEND

Yngsti bátasmiður landsins

Einar Jóhann Lárusson hefur lengi haft áhuga á bátum. Á meðan önnur börn voru heltekin af heimsmetum var hugur hans fullur af súðbyrðingum.

arnartomas@frettabladid.is

Breiðfirðingurinn Einar Jóhann Lárusson lýkur námi í bátasmiði við Tækniskólann í Hafnarfirði í dag og hlýtur þar með þann heiður að verða langyngsti bátasmiður landsins.

„Ég hef alltaf haft áhuga á gömlum hlutum, alveg frá því að ég var litill, og hápunktur gamalla hluta fyrir mér eru bátar. Það er allt frá því hvernig þeir líta út, hvernig þeir eru notaðir og til þess hvernig þeir eru smíðaðir,“ segir Einar Jóhann. „Ég er úr Breiðafirðinum þar sem þetta er mikið um það hvernig maður á að koma sér út í eyjar, svo ég hef alltaf verið tengdur þessu.“

Bátaá huginn kviknaði ansi snemma hjá Einari Jóhanni.

„Þegar ég var í grunnskóla og maður átti að lesa eitthvað í íslenskutíma þá kepptust allir aðrir við að ná Heimsmetabók Guinness eða einhverju álíka, en þá sat ég einn að Breiðfirskum sögnum Bergsveins Skúlasonar.“

”

Það er því miður eins og ungt fólk hafi engan áhuga á þessu eins og er.

Súðbyrðingar og plankabátar

Nám við bátasmiði í Tækniskólanum var áður fjögurra ára iðnaðarnám í skóla en eftir að tréskipasmíðin sameinaðist húsasmiðabrotunni er námið adeins óljósara. Bátar eru svo auðvitað af ótal stærðum og gerðum en Einar Jóhann hefur sérhæft sig í smíði íslenska þjóðararfsins, súðbyrðingnum.

„Ég hef nær eingöngu verið að vinna í þeim en mig langar að læra plankabátana sem eru stóru eikarskipin,“ útskýrir hann en bætir við að lítið sé um slíkt nám hér heima fyrir. „Draumurinn er að fara næsta haust til Noregs ef ég kemst þar inn.“

Bátasmiði verður að teljast ansi óal-gengt nám og þótt síðasti bátasmiðurinn á undan Einari Jóhanni hafi útskrifast 2021 þá var síðasta brautskráning úr náminu þar áður um þrjátíu árum fyrr.

„Það má því segja að það sé í rauninni engin endurnýjun,“ segir Einar Jóhann. „Það er því miður eins og ungt fólk hafi engan áhuga á þessu eins og er.“

Vanræktur arfur

Þótt lærdir bátasmiðir á landinu séu á bilinu þrjátíu til fimmtíu þá eru vinnandi bátasmiðir mun færri og segir Einar Jóhann óhætt að fullyrða að enginn vinni við bátasmiði sem fulla vinnu.

„Meistari minn, Hafliði Adalsteinsson, er kannski sá sem kemst næst því, en hann vinnur á veturna við þetta alveg.“

Einar Jóhann segir Íslendinga standa öðrum Norðurlandþjóðum langt að baki þegar kemur að því að viðhalda bátamenningu okkar.

„Það mætti auðvelda að gefa styrki til að gera upp báta. Húsafríðunarsjóður er auðvitað búinn að bjarga hundruðum húsa á Íslandi en í fyrsta skipti sem ég heyrði að súðbyrðingur hefði fengið styrk frá ríkinu var í fyrra.“

Þá verður hús að vera orðið hundrað ára til að fá leyfi til að sækja í sjóðinn, en í bátum er viðmiðunarartalið fast við 1950.

„Það eru engir nýir bátar að verða styrkhæfir og það væri gott að sjá breytingu þar á,“ segir Einar Jóhann. ■



+

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Indriði Úlfsson

rithöfundur og fyrrverandi skólastjóri, frá Héðinshöfða, Undirhlíð 3, Akureyri,

lést á gjörgæsludeild Sjúkrahússins á Akureyri þriðjudaginn 7. febrúar. Útför fer fram frá Húsavíkurkirkju þann 18. febrúar kl. 14.

Fyrir hönd aðstandenda,
Helga Þóroldsdóttir



Útfararstofa Íslands

www.utfarin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455



Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigurbjörg Ragnarsdóttir

Víkurbraut 27c, Hornafirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði, föstudaginn 10. febrúar.

Gunnar Sigfinnsson
Ragna Sigfinnsdóttir
Björn Sigfinnsson
Guðrún Sigfinnsdóttir

Guðný Dóra Ingimundardóttir
Fríðrik Karlsson
Ester Þorvaldsdóttir
og fjölskyldur þeirra



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Dagný Hróbjartsdóttir

lést á dvalarheimilinu Ljósheimum Selfossi, miðvikudaginn 8. febrúar. Útförin fer fram frá Stokkseyrarkirkju laugardaginn 18. febrúar kl. 14.

Kolbeinn Guðmannsson
Eyjólfur Þórir Eyjólfsson
Hróbjartur Örn Eyjólfsson
Arndís Arnardóttir
Hróðný Hanna Hauksdóttir
barnabörn og barnabarnabörn



+

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Hilmar Einarsson

Torfholti, Laugarvatni,

andaðist í faðmi fjölskyldunnar á Landspítalanum Fossvogi föstudaginn 10. febrúar.

Útförin fer fram frá Selfoskirkju föstudaginn 17. febrúar kl. 13. Athöfninni verður streymt á vefsíðu Selfoskirkju.

Gróa Berglind Pálmadóttir
Pálmi Hilmarsson
Einar Hilmarsson
Sigurður Rafn Hilmarsson
Andri Páll Hilmarsson
Ragnheiður Hilmarssdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Erla Þorsteinsdóttir
Heiðrún Erla Guðbjörnsdóttir
Áslaug Jónsdóttir
Ásdís Hanna Pálsdóttir



+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Elin Gréta Grímsdóttir

Húnabraut 9, Blönduósi,

lést 3. febrúar á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi. Útför hennar fer fram frá Blönduóskirkju laugardaginn 18. febrúar kl. 14.00. Streymt verður frá athöfninni á Facebook- síðu Blönduóskirkju. Sérstakar þakkir fær starfsfólk HSN á Blönduósi fyrir einstaka umönnun og velvilja.

María Sigríður Guðmundsdóttir
Stefanía Th. Guðmundsdóttir
Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir
Hrefna Bára Guðmundsdóttir
ömmubörn og langömmubörn

Stefán Þorvaldsson
Stefán Gunnarsson
Pétur H. Stefánsson
Sveinn Árnason

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



HEILSUBRAUT

Í KVÖLD KL. 19.30 OG AFTUR KL. 21.30

Fræðandi og skemmtilegur þáttur þar sem hjúkrunarfræðingurinn Helga María heimsækir ýmsa heilsueflandi starfsemi.

Í Heilsubraut í kvöld ætlar Helga María að heimsækja Tinnu Brekkan hjá Reykjavík Recovery og fara í sogæðanudd. Einnig hittir Helga María hjónin Svanlaugu Jóhannsdóttur og Örn Helgason hjá OsteoStrong og ræðir meðal annars við þau um hvernig við getum styrkt bein og vöðva á frekar einfaldan, fljótlegan og öruggan hátt.



HRINGBRAUT

SJÓNVA PSDAGSKRÁ

HRINGBRAUT

- 18.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.30 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 20.00 Heilsubrautin** Heilsan frá ýmsum hliðum í umsjón Helgu Maríu.
- 20.00 Bærinn minn** Bærinn minn segir frá sjarma og sérstöðu bæjarfélaganna hringinn í kringum Ísland. (e)
- 20.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá. (e)
- 21.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl. (e)

RÚV SJÓNVARP

- 11.05 HM í alpagreinum** Útsending frá keppni í samhliða svigi á HM í alpagreinum.
- 13.00 Heimaleikfimi**
- 13.10 Bækur og staðir**
- 13.20 HM í skíðaskotfimi**
- 15.20 Fréttir með táknmalstúlkun**
- 15.45 Kastljós**
- 16.10 Enn ein stöðin**
- 16.40 Kiljan**
- 17.20 Menningarvikan**
- 17.50 Þú sást mig**
- 17.55 Lögin í Söngvakeppninni - brot**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Pósturinn Páll**
- 18.16 Jasmin & Jómbi**
- 18.23 Drónarar**
- 18.45 Krakkafréttir**
- 18.50 Miðlálæsisvika**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 20.05 Kveikur (Börn sem beita ofbeldi)** Kveikur er fréttaskýringabáttur þar sem áhersla er lögð á rannsóknarblaðamennsku og almennar fréttaskýringar.
- 20.40 Tölvuhakk - fritt spil?**
- 21.10 Nærmyndir - Stóra tækifærið**
- 22.00 Tiúfréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Kveikjupunktur** Breskir spennuþættir. Lana Washington er sprengjusérfræðingur hjá lögreglunni í Lundúnum. Hún hættir lífi sínu nánast daglega en þarf að gæta þess að eiga eðlilegt líf þegar hún stimplar sig út.
- 23.10 Synd og skömm**
- 23.55 Dagskrárlök**

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Tónlist**
 - 12.00 Dr. Phil**
 - 12.40 The Late Late Show**
 - 13.28 The Block**
 - 14.22 Love Island**
 - 15.40 George Clarke's Flipping Fast**
 - 16.55 Survivor**
 - 17.40 Dr. Phil**
 - 18.25 The Late Late Show**
 - 19.10 The Block** Lokaspætturinn er fram undan í Block, ástralska raunveruleikabættinum þar sem áhugamenn fá færi á að spreyta sig í að byggja hús frá grunni.
 - 20.10 Heartland**
 - 21.00 FBI**
 - 21.50 Love Island**
 - 22.35 The Man Who Fell to Earth**
 - 23.25 The Late Late Show**
 - 00.10 NCIS**
 - 00.55 NCIS: New Orleans**
 - 01.40 New Amsterdam**
 - 02.25 Women of the Movement**
 - 03.35 Love Island**
 - 04.20 Tónlist**
- STÖÐ 2**
- 08.00 Heimsókn**
 - 08.25 Grand Designs: Sweden**
 - 09.10 Bold and the Beautiful**
 - 09.30 Blindur bakstur**
 - 10.10 Punky Brewster**
 - 10.30 Um land allt**
 - 11.10 Fyrsta blikið**
 - 11.40 Conversations with Friends**
 - 12.10 Simpson- fjölskyldan**
 - 12.30 Franklin & Bash**
 - 13.10 The Great British Bake Off**
 - 14.10 Einkaeifið**
 - 14.50 Backyard Envy**
 - 15.30 Wipeout**
 - 16.15 Manifest**
 - 16.55 Franklin & Bash**
 - 17.30 Bold and the Beautiful**
 - 18.25 Veður**
 - 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
 - 18.50 Sportpakkinn**
 - 18.55 Ísland í dag**
 - 19.10 Shark Tank**
 - 19.55 Masterchef** Lokabáttur 12. þáttaraðar Masterchef þar sem heimakokkar reyna að heilla stjórnukokka á borð við Gordon Ramsey.
 - 20.35 After the Trial**
 - 21.25 The Sweetest Thing**
 - 22.45 Unforgettable**
 - 23.30 Our House**
 - 00.15 The Resort** Brúðkaupsafmælisferð til Mexíkó tvinnast óvænt inn í stórfurðulega ráðgátu og nýjar hindranir reyna á það hversu langt þú ert til í að ganga í nafni ástarinnar.
 - 00.50 Tell Me Your Secrets**
 - 01.35 Manifest**
 - 02.15 Wipeout**
 - 02.55 Schitt's Creek**

Fréttavaktin í opinni dagskrá

Fréttavaktin á Hringbraut er eini íslenski fréttabátturinn í sjónvarpi sem er landsmönnum að kostnaðarlausu, en þátturinn hefur fest sig rækilega í sessi á undanliðnum tveimur árum sem deigla helstu atburða liðandi stundar. Fréttavaktin er blanda af umræðu um helstu tíðindi dagsins og beinskeyttra fréttaviðtala við sérfræðinga og fréttaskýr- endur af öllu tagi. ■



KROSSGÁTA

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 leysa
- 5 grátur
- 6 íþróttafélag
- 8 hætta
- 10 tveir eins
- 11 sendibill
- 12 vísbending
- 13 ríki í arabíu
- 15 sögu
- 17 skadda

LÓÐRÉTT

- 1 fljótfer
- 2 himinn
- 3 kvísl
- 4 bak við
- 7 meðhöndla
- 9 afla
- 12 blýkúla
- 14 fljóttræði
- 16 óðagot

LÁRÉTT: 1 hlana, 5 vol, 6 fh, 8 aflika, 10 tt, 11 van-
12 hint, 13 íran, 15 sagnar, 17 slasa.
LÓÐRÉTT: 1 hvatvis, 2 loft, 3 all, 4 aftan, 7 hant-
era, 9 ávinnna, 12 hagl, 14 ras, 16 as.

SUDOKU

6		2		4	5		1		
1		4	6		2		9		
	7	8	9						
	8		1			9	6		
9								7	
	4	1		9		5	2		
		3							
7				4	6				
	5		2	1	7	3			
			4	8				3	7
								4	2
	9							5	
			1	9	7				3
	7		4			6			
3	4	1		6	2				
	2			5					
	1	9		7					6
7		3							8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lá- rétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvi- taka neina tölu í röðinni.

PONDUS



FRÓDE ØVERLI



**MATUR OG HEIMILI
MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR**

Lifandi þáttur um matargerð í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.

ÞRIÐJUDAGA KL. 19.00 OG 21.00





**ÞÚ FINNUR
ALLT FYRIR
ÁSTINA
Í HJARTA
HAFNARFJARÐAR**

FJÖRÐUR

10 - 18 Virka daga

11 - 16 Laugardaga

Heimspekkir höfundar á Bókmenntahátíð



Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

Sannkallaðar stórstjörnur úr bókmenntaheiminum koma fram á Bókmenntahátíð í Reykjavík í vor, á meðal þeirra er tvöfaldur Pulitzer-verðlaunahafi.

Bókmenntahátíð í Reykjavík verður haldin í sextánda skiptið 19. til 23. apríl 2023. Hátíðin, sem er tvíær-ingur, var fyrst haldin árið 1985 og fagnar því senn fjörutíu ára afmæli. Stella Soffia Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Bókmenntahátíðar, segir fjölmarga höfunda á leiðinni til landsins og að lesendur eigi gott í vændum.

„Það ber kannski helst að nefna bandaríska rithöfundinn Colson Whitehead. Hann er algjör stórstjarna í bókmenntunum og tvær bóka hans hafa komið út í íslenskri þýðingu Árna Óskarssonar, Neðanjarðarjárnbrautin og Nickel-strákarnir. Hann er náttúrlega margverðlaunadur höfundur og hefur fengið Pulitzer-verðlaunin tvisvar sinnum,“ segir hún.

Colson Whitehead fékk Pulitzer-verðlaunin í bókmenntum árið 2017 fyrir skáldsöguna Neðanjarðarjárnbrautin (e. The Underground Railroad) og aftur árið 2020 fyrir skáldsöguna Nickel-strákarnir (e. The Nickel Boys).

„Þetta eru brilljant bækur, hann er frábær rithöfundur og nær til svo margra lesenda og ég held að hann eigi stóran lesendahóp á breiðu aldursbili á Íslandi eins og annars staðar. Mér finnst það mikil tíðindi að hann sé að koma, bækur hans snerta lesendur mjög djúpt,“ segir Stella Soffia.

Mikilvirkur höfundur

Á Bókmenntahátíð kemur einnig rithöfundur sem er íslenskur lesendur vel kunnugur, breski höfundurinn Alexander McCall Smith sem sló í gegn með bókaröð sinni um Kvenspjarastofu Nr. 1 í byrjun aldarinnar.

„Ég myndi segja að hann sé einn upphafsmaður kósíkrimanna, vinsældir þeirra ganga í bylgjum og eru einmitt í nokkurs konar hápunkti núna,“ segir Stella Soffia. „Þessar bækur náðu alveg gríðarlegum vinsældum um heim allan og voru mikið þýddar hérna á Íslandi líka.“

Alexander McCall Smith er mikilvirkur höfundur og hefur skrifað tugi bóka sem hafa selst í milljónum eintaka víða um heim. Stella telur hann vera höfund sem eigi greiða leið til lesenda því bækur hans fjalla gjarnan um venjulegt fólk í venjulegum aðstæðum.

„Hann er líka með svo áhugaverða baksögu sem höfundur því hann er fæddur í Simbabve, sem þá hét Suður-Ródesía, þannig hann hefur einhvern veginn þessa tvísýni, hann var hvítur maður í nýlendu sem flytur svo aftur heim. Ég held að hann hafi frá ótrúlega mörgu að segja og hann segir líka mjög skemmtilega frá,“ segir hún.

Umdeild fjölskyldusaga

Er einhver höfundur sem þú ert sérstaklega spennit fyrir að fá hingað til lands?

„Ég er mjög spennit fyrir til dæmis henni Vigdís Hjorth, sem er einn af helstu samtímahöfundum Noregs. Hún er ótrúlega flott á sviði, það er virkilega gaman að hlusta á hana tala og hún er alveg frábær sögu- maður. Enn sem komið er hefur bara ein bók eftir hana komið út á íslensku, skáldsagan Mamma, sem kom út fyrir löngu síðan. Það er hins vegar væntanleg eftir hana bókinn Arv og miljö í þýðingu með vorinu. Sú bók kom út fyrir nokkrum árum í Noregi og vakti gríðarlega athygli. Vigdís er þar að skrifa sögu fjölskyldunnar sinnar og meðal ann-



Stella Soffia segir dagskrá Bókmenntahátíðar í ár vera einkar fjölbreytta, enda muni höfundar frá öllum heimsálfum, nema Suðurskautinu, taka þátt.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Erlendir höfundar á Bókmenntahátíð 2023

- Boualem Sansal
- Hannah Kent
- Colson Whitehead
- Kim Leine
- Vigdís Hjorth
- Ásne Seierstad
- Alexander McCall Smith
- Mariana Enriquez
- Lea Ypi
- Goncalo Tavares
- Jenny Colgan
- Jan Corne
- Dina Nayeri
- Alejandro Palomas



Tvöfaldi Pulitzer-verðlaunahafinn Colson Whitehead kemur fram á Bókmenntahátíð í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ars um misnotkun föður síns. Þessi bók hefur komið út víða um heim undanfarin ár.“

Að sögn Stellu vakti skáldsagan Arv og miljö mikla athygli þegar hún kom út í Noregi 2016 og voru ekki allir á eitt sáttir um bókina. Systir Vigdísar, Helga Hjorth, var til að mynda svo ósátt við hana að hún skrifaði sína eigin bók, Fri vilje, þar sem hún segir sína hlið af fjölskyldusögunni.

Bók um síðustu aftökuna

Annar höfundur sem er mörgum Íslendingum vel kunnur er ástralski höfundurinn Hannah Kent sem vakti heimsathygli fyrir frumraun sína, Náðarstund (e. Burial Rites). Bókin kom út 2013 og fjallar um síðustu aftökuna á Íslandi, þegar Agnes Magnúsdóttir og Friðrik Sigurðsson voru tekin af lífi 1830 fyrir morð á Natani Ketilssyni og Pétri Jónssyni.

„Hannah var skiptinemi á Íslandi sem unglíngur, fékk veður af þessari sögu og heillaðist af henni,“ segir Stella.

Það er ekki oft sem erlendir rithöfundar skrifa bækur sem gerast á Íslandi og hvað þá að þær slái í gegn á heimsvísu en ítalski leikstjórinn Luca Guadagnino vinnur að kvikmyndaaðlögun skáldsögunnar með Hollywood-stjörnunni Jennifer Lawrence í aðalhlutverki.

„Allt í kringum okkur eru sögur

og frásagnir sem hægt er að byggja skáldsögur á en stundum er efniviðurinn svo beint fyrir framan nefið á okkur að við sjáum það kannski ekki fyrr en einhver annar kveikir á því að skrifa um efnid,“ segir Stella.

Blaðamaður og rithöfundur

Þá nefnir Stella einnig norska blaðamanninn og rithöfundinn Ásne Seierstad sem ásamt Vigdís er einn af helstu höfundum Noregs. Ásne vakti heimsathygli fyrir bókina Bóksalinn í Kabúl sem kom út 2002 og gerist í Afganistan á tímum innrásar Bandaríkjamanna og bókina Einn af okkur sem fjallar um Anders Behring Breivik og hryðjuverkin í Útey 2011.

„Hún fjallar um málefni liðandi stundar og það er mjög tragískt að lesa Bóksalann í Kabúl núna, því þegar hún skrifar hana fyrir einhverjum tuttugu árum þá leit kannski út fyrir að það væri bjartara fram undan hjá þessari þjóð. Þetta er átakanlegur lestur núna þegar talibanar hafa náð öllum völdum aftur í Afganistan.“

Nýjasta bók hennar, Afganarnir, segir einmitt sögu þeirra sem flúðu og þeirra sem urðu eftir,“ segir Stella.

Bóksalinn í Kabúl vakti mikla athygli á sínum tíma og ekki síst vegna þess að hinn eiginlegi bók-



Dagskráin er mjög fjölbreytt og verður bæði í Norræna húsinu og í Iðnó. Það verða samtöl á sviði, fyrirlestrar og margt fleira og svo verður Bókaballið auðvitað á sínum stað.

sali sem bókin fjallar um, Shah Muhammad Rais, véfengdi ýmsa hluti úr frásögn Seierstad auk þess sem eiginkona hans, Suraia Rais, kærði höfundinn fyrir meidryrdi.

Íslenskir og erlendir höfundar

Nokkrir íslenskir höfundar koma einnig fram á Bókmenntahátíð í Reykjavík og má þar helst nefna Pedro Gunnlaug Garcia, sem nýlega hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir skáldsöguna Lungu, Örvar Smáráson, pólsk-íslenska skáldið Ewu Marcinek, rússnesk-íslenska skáldið Natöshu S. sem hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2022, Braga Ólafsson, Hildi Knútsdóttir, Kristínu Eiríksdóttur, Júlíu Margræti Einarsdóttur, Benný Sif Ísleifsdóttur og Kristínu Svövu Tómasdóttur.

„Dagskráin er mjög fjölbreytt og verður bæði í Norræna húsinu og í Iðnó. Það verða samtöl á sviði, fyrirlestrar og margt fleira og svo verður Bókaballið auðvitað á sínum stað á laugardagskvöldinu. Viðburðirnir eru öllum opnir og það kostar ekkert inn,“ segir Stella.

Er eitthvað sérstakt þema sem einkennir hátíðina í ár?

„Kannski væri það helst fjölbreytileikinn. Við erum með höfunda frá öllum heimsálfum, nema Suðurskautinu, og umfjöllunar-efnin eru ólík.“ ■



Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari kemur fram ásamt Povl Balslev, orgel- og pianóleikara. MYND/ADSEND

Hlíf og Povl koma fram í Listasafni Sigurjóns

tsh@frettabladid.is

Vordagskrá Listasafns Sigurjóns Ólafssonar hefst í kvöld kl. 20.00 með tónleikum Hlífar Sigurjónsdóttur fiðluleikara og Povl Balslev orgel- og pianóleikara, sem nefnast Hrosshár á strengi og holað innan tré – brot úr sögu klassískis fiðluleiks á Íslandi.

Á tónleikunum verður meðal annars fjallað um Þórarinn Guðmundsson (1896–1979) sem fyrstur Íslendinga hélt utan til að læra klassískan fiðluleik og hafði fiðluleik og kennslu að aðalstarfi. Leikin verða lög frá hans tíð og eftir hann, sum hver á fiðlu sem Þórarinn lék sjálfur á.

Samstarf Hlífar og Povls hófst fyrir sjö árum og hafa þau haldið tónleika á Íslandi og í Danmörku, bæði sem fiðlu- og pianódúó og einnig með samleik fiðlu og orgels, nú síðast í Eyrbakkakirkju og Grafarvogskirkju í febrúar.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar tók upp þá nýbreytni síðastliðið haust að standa fyrir reglulegum menningarviðburðum, svo sem tónleikum, flutningi hljóðrita og kynningum á sögulegu efni, í sal safnsins á Laugarnesi. Fest voru kaup á vönduðum hljómflutningstækjum og myndvarpa í þeim tilgangi. Viðburðirnir eru í anda sumartónleikanna, fara fram á þriðjudagskvöldum kl. 20.00 og eru um klukkustundarlangir. Bodið er upp á kaffi í kaffistofu safnsins á eftir þar sem rabba má við flytjendur. ■



Gamanóperan Don Pasquale eftir Gaetano Donizetti er sett upp af sviðslistahópnum Óður í Þjóðleikhúskjallaranum.

MYND/ADSEND

Búktalandi óperusöngvari og farsakennd atburðarás

TÓNLIST

Don Pasquale

Sviðslistahópurinn Óður

Höfundur: Gaetano Donizetti

Leikstjórn: Tómas Helgi Baldursson

Tónlistarstjórn og pianóleikur:

Sigurður Helgi

Leikarar: Ragnar Pétur

Jóhannsson, Áslákur Ingvarsson,

Sólveig Sigurðardóttir og Þórhallur

Auður Helgason

Þjóðleikhúskjallarinn

laugardagur 11. febrúar

Jónas Sen

Síðast þegar ég vissi var hraðmæltasti maður heims John Moschitta yngri. Á YouTube má sjá hann og heyra fara með texta úr heilu lagi eftir Michael Jackson á 20 sekúndum.

Hann er þó ekki hraðmæltari en tveir söngvarar úr uppfærslu á Don Pasquale eftir Donizetti sem sviðslistahópurinn Óður frumsýndi í Þjóðleikhúskjallaranum á

laugardagskvöldið. Söngvararnir Áslákur Ingvarsson og Ragnar Pétur Jóhannsson sungu dúett, og í snilldarlegri þýðingu Sólveigar Sigurðardóttur voru orðin svo mörg að það þurfti nánast að skjóta þeim út úr vélbyssu. Það gerðu söngvararnir með glæsibrag, og samt ótrúlega skýrt. Áhorfendur veltust um af hlátri.

Illgjarn karlskarfur

Don Pasquale er gamanópera og fjallar um karlfausk sem ætlar að gera frænda sinn arflausan vegna þess að honum líkar ekki við unustu hans. Læknir karlsins, sem er með frændanum í liði, setur þá af stað farsakennda atburðarás sem stigmagnast upp í ærandi hápunkt. Búktal kemur þar mjög við sögu.

Nú kann einhver að spyrja hvernig hægt sé að koma upp heilli óperu með hljómsveit í þröngu rými Þjóðleikhúskjallarans. Svarið er að hljómsveitin var aðeins lítill pianógarmur, ekki einu sinni flygill. Sigurður Helgi lék á pianóið, og var jafnframt tónlistarstjóri. Hann

hélt vel um alla þræði. Pianóleikurinn var í senn tær og glitrandi, stórbrotinn og ástríðuþrunginn, allt eftir því hvað við átti hverju sinni. Þrýðilegt flæði var jafnframt í söngnum.

Auðvitað er smábert pianó ekki jafnoki stórrar símfóníuhljómsveitar, en það gerði ekkert til. Venjuleg óperuuppfærsla getur ekki bodið upp á aðra eins nálægð og maður upplifði hér. Það var eins og að vera þátttakandi í sögunni sem var svo sannarlega ómetanlegt.

Góður leikur og söngur

Eins og áður sagði þýddi Sólveig Sigurðardóttir óperuna yfir á íslensku. Textinn var drepfyndinn og búktalið var stórkostlegt. Leikur allra undir stjórn Tómasar Helga Baldurssonar var sannfærandi, ofleikurinn á réttu stöðunum sem hæfði grínóperu var afar skemmtilegur án þess að fara yfir strikið.

Söngurinn var líka heilt yfir góður. Ragnar Pétur Jóhannsson var í hlutverki karlfausksins Don Pasquale, söngur hans var þéttur



Maður skellti upp úr hvað eftir annað. Útkoman var hreint út sagt ógleymanleg skemmtun.

og áreynslulaus. Áslákur Ingvarsson var einnig framúrskarandi, mjög öruggur og með blæbrigðaríka raddbeitingu. Þórhallur Auður Helgason var frændinn forsmáði og söng oftast vel, átti marga flotta spretti. Og Sólveig Sigurðardóttir, þýðandinn sjálfur, var dálitið órugg fyrst, en svo héldu henni engin bönd.

Á heimasíðu Þjóðleikhússins má lesa að sviðslistahópurinn Óður neitar að geyma óperur í glerkössum. Hann vill nálægð við áhorfendur og að þeir skilji um hvað er verið að syngja án þess að þira augun á textavél einhvers staðar uppi í rjáfri. Nálægðin á laugardagskvöldið gerði að verkum að söngur allra var auðskiljanlegur, og maður skellti upp úr hvað eftir annað. Útkoman var hreint út sagt ógleymanleg skemmtun. ■

NIÐURSTAÐA: Drepfyndin ópera.

Ball flytur á stóra sviðið

tsh@frettabladid.is

Íslenski dansflokkurinn tilkynnti fyrir skemmstu að hin vinsæla danssýning BALL muni flytja yfir á stóra svið Borgarleikhússins í mars.

„Við erum virkilega spennt að færa BALL yfir á stóra sviðið í Borgarleikhúsinu og halda áfram að leiða saman þennan hæfileikaríka og fjölbreytta hóp dansara,“ segir Ásrún Magnúsdóttir, einn af danshöfundum verksins.

BALL er lýst sem einstökum dansviðburði sem býður dansunnendum á öllum aldri, með ólíka líkama, mismunandi bakgrunn og reynslu að stíga upp á svið og dansa saman. BALL hlaut fjórar tilnefningar til Grímuvæðlaunanna 2022 og hefur verið mikil aðsókn á sýninguna.

„Á BALL bjóðum við öllum að



Þessi sýning hefur verið algjör „hittari“ fyrir okkur og er sannur vitnisburður um kraft dansins

Erna Ómarsdóttir

koma saman og fagna fegurð og krafti dansins,“ segir Erna Ómarsdóttir, listdansstjóri Íslenska dansflokksins. „Þessi sýning hefur verið algjör „hittari“ fyrir okkur og er sannur vitnisburður um kraft dansins og getu hans til að leiða fólks saman.“

Í tilkynningu frá Íslenska dans-



Á sýningunni BALL koma fram atvinnudansarar og áhugadansarar, þar á meðal breikdansari frá 9. áratugnum.

MYND/HÖRDUR SVEINSSON

flokknum segir að á sýningunni komi fram atvinnudansarar sem og áhugadansarar. Breikdansari frá níunda áratugnum, ballerína á eftirlaunum, samkvæmisdansstjarna, freestyle-goðsögn, Bollywooddansari, street-dansari, dansarar Íslenska dansflokksins, gógóðansari, dansnemandi og nútímadansari sem elskar að dansa við Bob Marley. Það sem þau eiga öll sameiginlegt er ást þeirra á dansi.

Í viðtali við Fréttablaðið í apríl 2022 sagði Ásrún að sýningin fylgdi ekki neinni sérstakri narratífu heldur tæki mið af mörgum ólíkum stílum og dönsurum. „Við köllum þetta ball af því að alls konar dansar geta gerst á böllum, og alls konar getu gerst á böllum. Áhorfendur sitja síðan og horfa á þetta ball gerast fyrir framan sig.“ ■

Breskir fjölmiðlar gengu af göflunum yfir Minipops fyrir sléttum 40 árum og sáu ýmislegt athugasemjulegt við kynferðislega undirtóna í söng stríðsmálaðra barna í þokkafullum búningum. Nokkrum árum síðar fengu Rokklingarnir þó góðan byr í seglin á Íslands-miðum enda þau Nína og Geiri nokkuð óumdeild.

toti@frettabladid.is

Á fimmtudaginn voru 40 ár liðin síðan breska sjónvarpsstöðin Channel 4 sýndi fyrsta Minipops-þáttinn sem spratt upp úr vinsældum hóps barna og frumgelgja sem slógu ári áður í gegn með hljómplötunni Minipops þar sem þau sungu vinsæl popplög og sigilda slagara í bland.

Sjónvarpsþátturinn reis hátt á hneykslunar- og reiðiöldu sem skilaði hópnum tveimur milljónum áhorfenda þegar best lét. Þetta þótti býsna gott í þá daga en þó að margt, sem þykir með öllu ótækt í dag, hafi gengið á niúnda áratugnum þótti fulllangt gengið að skella börnum í munúðarfulla poppstjórnumbúninga og kyrja ástarsöngva með kynferðislegum undirtönnum.

Fyrsta Minipops-platan var tekin upp í Abbey Road 1981 og náði gullplötusölu þegar hún kom út 1982. Platan seldist einnig vel víðs vegar um Evrópu og Ísland var þar engin undantekning. Þá var krökkunum tekið sérlega vel í Frakklandi þar sem ábreiða þeirra af laginu Stupid Cupid náði 1. sæti og ruddi þá ekki ómerkari spámönnum en Paul McCartney og Michael Jackson af toppnum þar sem þeir höfðu trónað með Ebony and Ivory.

Börn á háum hællum

Vinsældirnar og athyglin sem hópurrinn vakti með plötunni urðu til þess að ákveðið var að leggja heilan sjónvarpsþátt undir krakkana með það að upplaggi að gefa barnungu hæfileikafólki tækifæri til þess að sýna hvað í þeim býr með því að syngja ábreiður vinsælla popplaga.

Þátturinn var hugsaður sem saklaus skemmtun fyrir krakka á sama reiki og flytjendurnir en sakleysið gufaði þó upp þegar krakkarnir stigu fram og sungu oftast en ekki lög með kynósa undirtönnum. Stelpurnar, sem voru allt niður í sjö til átta ára, voru meikaðar í drasl og meðal annars klæddar upp í þunna sifflinnatöskjola, stutt pils og háhælastígvél á meðan strákarirnir voru oft berir að ofan í leðri og denim.

Harkalegt bakslag

Breska pressan reiddi hátt til högs og The Observer varpaði fram spurningunni um hvort það væri bara tepruskapur að verða óglatt af því að horfa upp á grunnskólastelpur með kinnalit, andlitsmálningu og varalitagloss dilla sér og góla ástarsöngva.

The Sunday Times afgreiddi þetta með einfaldri fullyrðingu um að það væri eins og þessi börn hefðu á einu augabragði verið svipt bernskunni. The Guardian lýsir Minipops sem slíkum lágpunkti vansæmdar í sjónvarpi að þátturinn sé orðinn göðsögn í hræðilegheitum sínum

Þínu erfitt að vera frægt barn

Minipops nutu mikilla vinsælda hér á klakanum og örfáum árum eftir að þau risu hér sem hæst spruttu Rokklingarnir, alíslenskt svar við Minipops, fram á sjónarsviðið þegar hljómlistarmaðurinn Birgir Gunnlaugsson svaraði kalli tíðarandans.

„Ég held örugglega að fyrsta Rokklingaplata hafi komið út 1989,“ segir Bragi Þór Valsson, stofnandi kórsins Himnasmiður og doktor í kórstjórn, sem var einn Rokklinganna, sem tóku sínum tókum þekkt íslensk lög á

40 ár frá Minipops tryllingnum



Fyrsta Minipops platan gerði lukku á Íslandi eins og víðar þótt útgangurinn og undirtónarnir í sumum söngvum krakka hafi þótt í besta falli óheppileg. En þau mega eiga það, blessuð börnin, að þau kveiktu neista Rokklinganna.

The Mini Pops (1982)

Heilum haug af vinsælum lögum, nýjum í bland við sigilda smelli, var troðið á fyrstu Minipops plötuna með því að þjappa í syrpu. Video Killed the Radio Star var fyrsta lagið á A-hlið en síðan var skautað yfir lög eins og Nine To Five, My Guy og My Boy Lollipop í kippu sem fylgt var eftir með hressri ABBA-syrpu með Gimme Gimme Gimme (A Man After Midnight), Knowing Me, Knowing You, Super Trouper, Money, Money, Money, Mamma Mia, S.O.S., Waterloo og Dancing Queen.

Diskósyrpa kom síðan í lóðbeinu og rökréttu framhaldi með D.I.S.C.O., Y.M.C.A., In The Navy, Go West, Celebration, Happy Birthday, Una Paloma Blanca, Brown Girl In The Ring, Daddy Cool, Swinging On A Star og Loop De Loop.

Fyrri hliðinni lauk síðan með Fuglasöngnum enda sjálfsagt

ekker veitt af því að kæla hlustendur og flytjendur aðeins niður eftir funheitt diskóið og minna á að um barnaplötu væri að ræða þar sem lagt var upp með að láta börn syngja fyrir börn: „Bibi“bí og durrindí fuglinn flýgur upp í ský fimur dillar stélinu. Út í snjónum tistir hátt og hann flögrar hátt og lágt undan hriðarélinu.“

B-hliðin hófst á Stupid Cupid en síðan tók við syrpa af nýju vinsældapoppi með til dæmis Shakin Stevens-lögnum Green Door og You Drive Me Crazy og Madness-slagaranum Baggy Trousers.

Síðan var rokkað og rólað í næstu halarófu með Hound Dog og Rock Around The Clock. Þá var Blondie teflt út með syrpu laganna Call Me, Sunday Girl og Denis áður en plötunni var slútt að með I'm Gonna Knock On Your Door og Can Can. Voða gaman!

og 2006, 23 árum síðar, þegar Radio Times tók saman lista yfir verstu sjónvarpsþætti sögunnar þá náði Minipops 2. sæti.

Þættirnir voru því kannski eðlilega slegnir af eftir eina þáttaröð en hópurrinn hélt áfram, gaf út sex plötur í viðbót og naut sérlega mikilla vinsælda í Kanada þangað sem þau fóru í þriggja vikna tónleikaferð.

Engin eftirsjá

Ósagt skal látið hvort Channel 4 hafi

viljað bæta fyrir gamlar syndir með sýningu heimildamyndarinnar Whatever Happened to the Minipops? 2005 en þar steig Joanna Fischer, sú yngsta í hópnum fram, og sagðist fullorðin ekki sjá eftir neinu.

Hún var fimm ára þegar hugmyndafræðingur hópsins, Martin Wyatt, sá hana dansa á barnadiskóteki og spurði hana hvort hún vildi vera í poppsveit. Hún var ekki aðeins yngst, heldur entist hún



Birgir Gunnlaugsson

spurður, að það hafi verið gaman að vera Rokklingur þótt athyglin hafi verið mikil. „Þessi kjarna-hópur var rosalega bissi þessi þrjú ár sem stóru plöturnar voru í gangi. Og jú, það var þínu erfitt að



Ég var sjö eða átta ára. Heldurðu að mér hafi ekki verið sama?

Joanna Fischer

lengst og var miðpunktur umdeildustu augnablikanna.

„Þetta var svo ótrúleg lífsreynsla,“ sagði Fischer og nefndi sérstaklega að þau hefðu fengið að hitta og syngja með öllum stórstjórnunum sem þau stældu. Þá minntist hún „ótrúlegustu upplifun sem nokkur krakki getur hugsað sér“, að hafa komið fram fyrir 20.000 manns á tónleikum í Kanada.

„Ég var sjö eða átta ára. Heldurðu að mér hafi ekki verið sama?“ var svar hennar við því hvort harkaleg viðbrögðin við þættinum hafi truflað hana á sínum tíma. Hún hafi þó grunsemdir um að Channel 4 hafi síður en svo þótt miður hversu alræmdur þátturinn varð þar sem þau trektu að tvær milljónir áhorfenda.

„Það er ekkert til sem heitir slæm umfjöllun. Ef þetta hefði þótt stórkostlegt hefði fólk sennilega ekki nennt að horfa.“ ■

Ísland (LP-plötur)

1. (1)	HVAR ER DRAUMURINN? ...Sálin hvar Jóns mín
2. (2)	Í SYNGJANDI SVEFLU ...Geimundur Valtýsson
3. (9)	ROKKLINGARNIR ...Rokklingarnir
4. (6)	HEIMA ER BEST ...HLH-flokkurinn
5. (4)	ÉG STEND Á SKYI ...Sítan skín sól
6. (3)	NÖTTIN LANGA ...Bubbi Morthens
7. (5)	EKKI VILL ÞAD BATNA ...Rói tríó
8. (7)	FRJÁLSIR FUGLAR ...Órvar Kristjánsson
9. (-)	BETRA EN NOKKUR ANNAD ...Todmóbil
10. (-)	ALLIR FA ÞÁ EITTHVAD ...FALLEG ...Björgvin Halldórsson

Rokklingapabbinn lítur um öxl



Bragi Þór Valsson

Svo skemmtilega vill til að Birgir Gunnlaugsson, hugmyndafræðingurinn að baki íslensku Rokklingunum, fór yfir uppruna og afrek Rokklinganna

á Facebook á föstudaginn, 40 árum og einum degi eftir að Minipops komu fram á sjónarsviðið í Bretlandi.

„Einn alvinsælasti barnasönghópur allra tíma á Íslandi voru Rokklingarnir. Ég stóð fyrir þessu verkefni og myndaði hópinn enda lengi verið kallaður Rokklingapabbinn,“ skrifar Bragi og víkur síðan að fólki sem hann fékk til liðs við sig.

„Í samstarfi við félagá mína í hljómsveitinni og annað gott fólk eins og Leóold Sveinsson hjá Fljótt Fljótt auglýsingastofu og Dóru Einars búningahönnuð og Svein Sveinsson hjá Plús film settum við saman ótrúlega flott „concept“ sem selt hefur tugi þúsunda platna, fjölda vídeóa og verið dreift um allan heim.“

Þá lætur hann fljóta með að þessi hópur hafi gefið út þrjár plötur og ellefu tónlistarmyndbönd og heldur því síðan til haga að Rokklingarnir hafi látið margt gott af sér leiða og meðal annars styrkt Barnaheill og íslenska talsetningu barnaefnis á Stöð 2.

„Stofnuðum aðdáendaklubb sem fékk rétt um 10 þúsund bréf frá aðdáendum og rákum síðan Rokklingaskólann sem hátt í 5.000 börn sóttu og spreyttu sig.“

Útgáfa Birgis, BG útgáfan, stóð fyrir þessu öllu saman en gaf einnig út fjölbreytilegt afþreyingarefni þar sem börn sungu fyrir börn. „Til dæmis Barnaleiki, Barnasögur svo eitthvað sé nefnt,“ skrifar Bragi á Facebook.

„Þetta voru yndislegir tímar, ég hef reynt að halda sambandi við eða fylgjast með flestum börnunum sem voru í þessum sönghópum enda finnst mér ég eiga svolítið í þeim öllum. Eigið sem yndislegastan dag.“

vera frægur sem barn vegna þess að þetta var svo brjálæðislega vinsælt. Ég held örugglega að einhvern tímann á bilinu 1989-1991 höfum við verið á toppnum í sölu. Fyrir ofan Todmóbil og Bubba og það allt,“ segir Bragi án ábyrgðar. „Og myndböndin og allt þetta. Það er þínu erfitt að vera krakki þegar allir þekkjá mann.“

Bragi Þór segist ekki vita betur en hann sé einn fárra Rokklinga sem starfi að tónlist í fullri atvinnumennsku og ljóst að lengi býr hann að fyrstu gerð.

„Ég fylgdist svo vel með í stúdíóinu sem gerði það að verkum að ég náði að læra rosalega mörg handtök í stúdíói sem hefur nýst mér svakalega vel á öllum mínum ferli. Ég er sjálfur alltaf að taka upp og hef tekið upp einn alveg heilu plöturnar með kórnum og alls konar. Og það byrjaði þarna.“

Að ég tali ekki um, hérna, þú veist, sjónvarpsmyndavélar og allt þetta stöf sem maður dilar alltaf við öðru hvoru þegar maður vinnur sem tónlistarmaður. Þetta var allt rosa fin þjálfun.“

HA?

Tilveruna skortir tilfinnanlega meira dódó

Takist bandarísku vísindafólki að endurvekja löngu útdauðan dódó-fuglinn með erfðafræðiæfingum sínum opnast spennandi möguleikar til þess að leiðrétta ýmis afdrifarík axarsköft mannkyns og móður náttúru.

toti@frettabladid.is

Mögnuð áform bandarískis vísindafólks um að vekja hinn löngu útdauða dódó-fugl upp frá dauðum hafa vitaskuld vakið mikla athygli. Og ef til vill ekki síður fráframar vonir um veröld betri því í gegnum söguna hefur margt leiðarljósið dáið út sem betur færi að enn lýsti veginn.

Vísindafólkið hefur stofnað félagið Colossal Biosciences utan um tilraunir sínar til þess að blása nýju lífi í löngu útdauð dýr og fjármögnun er sögð ganga vonum framar. Upphaflega stóð til að hrista loðfil-

inn fram að nýju en einhverjar efasemdir um hvernig honum takist að fóta sig á 21. öldinni deyfðu spenninn fyrir honum.

Hins vegar er búið að kortleggja að fullu erfðamengi dódó-fuglsins sem komst þannig fremst í gogg-unarröðina og nú skal láta hendur standa fram úr ermum.

Fuglinn átti sitt varnarþing og náttúrulegu heimkynni á eyjunni Mårítius í Inndlandshafi þar sem hann undi hag sínum vel fram á 17. öld þegar Evrópubúar álpuðust þangað og drápu þann síðasta 1681. Fyrirhafnarlítið þar sem fuglinn var bæði ófleygur og hrekklau. ■



Grameðlan

Sú tilhneiging listarinnar að líkja eftir lífinu er orðin þreytt og mætti vel deyja út með þeim nýmælum að lífið taki með hjálp Colossal Biosciences að elta listina með því að láta þá draumsýn Michaels Crictons, sem Steven Spielbergs raungerði í þykjustunni með Jurassic Park, verða að veruleika.

Ísbjörn í Húsdýragarðinn hvað? T-Rex á Korputorgi er kosningaloforð sem eitthvert bit er í. Fyrir utan náttúrulega efnahagslegu innspýtinguna sem myndi fylgja í slóð slíkrar hamfaraeðlu.

Geirfuglinn

Dapurlegur samhljómur er með ör-lögum geirfuglsins og dódó-fuglsins en Íslendingum hefur löngum verið eignaður sá vafasami heiður að hafa drepið síðasta geirfuglinn þegar mannskapur var gerður út til þess að sækja slíkan fugl dauðan eða lifandi. Fyrri kosturinn var tekinn og þeir tveir síðustu sem sögur fara af voru snúnir úr hálsliðnum í Eldey 1844.

Samviskubitið yfir þessu uppátæki hefur legið sem mara á þjóðinni allar götur síðan og ekki væri nú ónýtt ef Colossal Biosciences myndi létta því af okkur með herskara nýrra geirfugla. Nóg er nú samt.



Elvis Presley

Ákafir aðdáendur Elvis Presley víða um heim hafa margir hverjir aldrei náð að sætta sig við ótímabært andlát hans 1977. Sum þeirra hafa síðan þá meira að segja kosið að lifa í afneitun og staðfastri trú um að kóngurinn lifi.

Engum blöðum er síðan um það að fletta að Elvis átti margt ósungið og það væri guðspakkarvert að framkalla hann aftur og fresta þannig um leið illum áformum gervigreindarinnar um að leggja undir sig alla vinsælda, streymisveitur og tónlistarsköpun með sínum sálarlausa leirburði.


„You can do anything but lay off of my blue suede shoes.“

Jón Sigurðsson

Eini Íslendingurinn sem getur höggvið á Evrópusambands-rembihnútinn sem þjóðin er kengföst í lést illu heilli þann 7. desember 1879. Þá er klárt mál að þessi hraðahindrun þrasgjörnustu þjóðar veraldar á veginum til bættra lífskjara er síður en svo sú eina sem frelsishetja vor getur flatt út á núll einni.

Þjóðarsáttin um algildi skoðana Jóns og óskeikulleika hans er alger og hann ítrekað kallaður til vitnis í ólíklegustu deilum um alls konar álitamál sem komu upp löngu eftir hans dag þegar annálaðir alvitringar þykjast vera í beinu túlkunar- og talsambandi við hann.

Laxeldi í sjókvíum? Kvótakerfið? Kjör hinna lægstlaunuðu? Þessar brennandi spurningar verða ekki lengur spurningar eftir að Jón Sigurðsson svarar þeim í knöppu máli á kjarnyrtri íslensku.



LYKILSPURNINGIN

Hvað gerir þú á Valentínusardeginum?



Guðmundur Brynjólfsson
rithöfundur og djákni
„Hvern andskotann ætti maður svo sem að gera á Valentínusardaginn? Ég gæti svo sem

hlaupið á eftir forheimskandi auglýsingum og keypt kort handa öllu því kerlingastóði sem sífellt liggur í manni, einhleypum og vígðum mannum. Verandi um þessar mundir eftirsóttasti karlmaður landsins yfir þrítugu.“ segir Guðmundur Brynjólfsson, rithöfundur og djákni með meiru.

„En mér dettur ekki í hug að

rjúka til og þóknast sigræðandi og -grenjandi kaupmannastóðinu sem elur á hégóma, útlitsdýrkun og minnimáttarkennd kvenna. En greddu, meðvirkni og heimóttarskap heilalausra karla. Valentínusardagurinn er ekki neitt neitt nema enn einn vitnisburðurinn um andlega hnignun og eftirsókn eftir vindi í því vitsmunaskerta rokrassgati sem samtími okkar er.

Valentínusardagurinn og pírupárið honum fylgjandi er afvegaleiðandi figúruverk á tímum náttúruleausrar ástar, á tímum þegar við þurfum einmitt að einbeita okkur að því að elska skilyrðislaust í nánd og af heiðarleika á okkar eigin forsendum en ekki á forsendum froðu og glingurs.“ ■



Valentínusardagurinn og pírupárið honum fylgjandi er afvegaleiðandi figúruverk á tímum náttúruleausrar ástar.



Sigga Dögg
kynfræðingur
„Ég er miklu meira bóndadags og konudags.“ segir Sigríður Dögg Arnardóttir kynfræðingur sem er alla jafna ekki með neinn

sérstakan viðbúnað á Valentínusardeginum. Henni finnst þó dagurinn ágætis áminning fyrir þor um að gera eitthvað saman.

„Ég er ekki rosalega mikið Valentínusardagur en ég dissa ekki daginn þar sem fólk þarf oft sparki rassinn til að gera eitthvað saman. Mér finnst það þínu áminning.“

Engu að síður verður aðeins

meira tilstand hjá Siggu Dögg í dag en undanfarna Valentínusardaga þar sem hún er nú með uppstandssýninguna sína, Sóðabrók, í fullum gangi í Grósku. „Sýningarnar eru allar stakar en þessi er með meiri sambandsfókus um ástarlíf og samlíf.“ segir Sigga Dögg með ástardagsáherslurnar alveg á hreinu.

„Hann er ekki góður í neinu svona, það er bara staðan.“ segir Sigga Dögg þegar hún er spurð hvort maðurinn hennar geri henni einhvern dagamun á Valentínusardeginum. „Mér finnst að fólk eigi ekki að bíða í von og óvon og óska sér einhvers í hljóði heldur að viðra væntingar sínar svo það sé hægt að verða við þeim.“ ■



Ég dissa ekki daginn þar sem fólk þarf oft sparki rassinn til að gera eitthvað saman.



FRÉTTA
VAKTIN

FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fréttavaktin býðum landsmönnum upp á fjölbreytta fréttaumfjöllun í opinni dagskrá. Úrvalslíð fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar.

Fréttavaktin er á dagskrá alla virka daga á Hringbraut, dv.is og frettabladid.is

h HRINGBRAUT



Izleifur er listamannsnafn Ísleifs Elds Illugasonar, sem á ekki langt að sækja sköpunargleðina. Hann byrjaði ferilinn sem upptökumaður, en svo bara „byrjuðu lögin að koma til mín“.

MYND/ ERLINGUR FREYR THORODDSEN

Maður verður að elska – það er eina vitið

Á Valentínusardegi sendir tónlistarmaðurinn Izleifur frá sér splunkunýtt lag sem hæfir deginum, en hundruð laga urðu til í kolli hans á síðasta ári.

ser@frettabladid.is

Hann reyndi að semja tvö lög á dag, allt síðasta ár, en það gekk ekki alveg eftir, en næstum því. „Ja, þau urðu einhvers staðar á milli 400 og 500,“ segir Ísleifur Eldur Illugason sem var að senda frá sér nýjasta lagið sitt á miðnætti í tilefni af degi ástarinnar.

Það heitir Á heilanum – og nú er bara spurning hvort landsmenn fái það ekki á heilann. „Þetta er orkumikið popp með hipp hopp-áhrifum,“ segir lagasmiðurinn sem vonast auðvitað eftir því að tónsmíðin verði rifin út af streymisveitunum á næstu dögum og vikum, en vert er að bera sig eftir listamannsheitum kappans á þeim vettvangi, sem er Izleifur.

Tilgangslaust að hata

Er þetta ástarlag? „Já, eiginlega,“ svarar hann um hæl. „Maður á að elska, það er eina vitið,“ og svo bætir hann við þeim heimspekilega þanka að það sé í öllu falli miklu þægilegra en að leggja fæð á annað fólk. „Það er tilgangslaust að hata,“ segir popparinn.

Þessi tuttugu og þriggja ára miðborgarstrákur kveðst vera búinn að gera tónlist í hálfan áratug, en raunar hafi hann byrjað ferilinn sem upptökumaður.

„Svo byrjuðu bara lögin að koma til mín án þess að nokkru væri við ráðið,“ rifjar hann upp og kveðst semja allt heila safnið á tölvur sem hjálpi til við tónsmíðarnar. „Tölvur geta allt,“ bendir hann á. „Og þetta er einfalt. Það þarf bara mig og tölvuna.“

Opnari fyrir leiklistinni

Hann er sonur þeirra landskunnna hjóna Guðrúnar S. Gísladóttur leikkonu og Illuga Jökulssonar, rit-



Þetta er orkumikið popp með hipp hopp-áhrifum.

höfundar og sögumanns, svo það hefur enn ein listgreinin bæst við fjölskylduna. Sjálfur segist hann heldur opnari fyrir leiklistinni en sögugrúski föður síns og systur, Veru Illugadóttur útvarpskonu, hvað svo sem síðar verði.

„Núna á tónlistin hug minn allan – og stefnan er sett á plötu í byrjun apríl,“ segir Ísleifur Eldur Illugason, eða listamaðurinn Izleifur, með nýja lagið sitt Á heilanum. ■

Allt að gerast hjá Arnaldi

toti@frettabladid.is

Þótt langt sé í næstu jólabókaver-tíð snúast hjólin hratt og víða hjá glæpasagnakónginum Arnaldi Indriðasyni sem er á góðri siglingu í Frakklandi þar sem Sigurverkið hans er nýkomið út og virðist ætla að standa undir titlinum.

Góðir dómar hrannast upp þar í landi á meðan kvikmyndaútgáfa þriðju bókar hans, Napóleons-skjölín, dregur landann í bíó álíka hratt og örugglega og leikstjórnin Óskar Þór Axelsson keyrir atburðarásina áfram.

Sigurverkið kom út 2021 og skilaði höfundinum tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna en franska útgáfan, sem er þegar farin að gera vart við sig í efri lögum sölulista þar í landi, er fyrsta útgáfa bókarinnar erlendis.



Arnaldur Indriðason hefur ærna ástæðu til þess að brosa breitt þessa dagana.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Sigurverkið er mögnuð saga sem gagnstekur lesandann, miðja vegu milli spennusögu og vægðarlaus ávintýris með sammanlegga skírskotun, saga tveggja einstaklinga sem nálgast hvor annan þrátt fyrir allt sem aðskilur þá,“ segir í dómi um bókina í Livres Hebdo.

Aðrir dómar, hingað til, eru á svipuðum nótum en Lire Magazine Littéraire segir Arnald endurnýja sig „með glæsibrag með þessu norræna tilbrigði við Þúsund og eina nótt þar sem rakin er hörmungasaga Íslands“.

Og gagnrýnandi Le Télégramme segir söguna nánast töfrum slungna og hefur meðal annars þetta að segja: „Harmræn saga sem sam-einar tvo einstaklinga sem eru hvor sínum megin taflborðsins. Konungi opnast þar með sýn á íslenskan veruleika og sína eigin sögu.“ ■

QVISTEN™
ANIMATION
KYNNIR

KARDEMOMMU BAERINN

HIN ÁSTSÆLA OG SÍGILDA SAGA EFTIR THORBJÖRN EGNER

SUBWAY nettó



KOMIN Í BIÓ

LAUGARÁS  BÍÓ
BARA LÚXUS

SMÁRA  BÍÓ

HÁSKÓLA  BÍÓ

BAKÞANKAR



Pétur Georg
Markan

Ólíkt sósíalisma

Það þarf ekki að rifast yfir því að lægstu taxtar endurspegla engan veginn vinnuframlag, álag og mikilvægi starfsfólksins sem fær greitt samkvæmt þeim. Það er sannarlegt samfélagslegt mein að fólk geti illa dregið fram lífið á kaupum sem því er samningsbundið greitt eftir. Og í framhaldi af því er það á ábyrgð okkar allra, hver svo sem staða okkar er, að vinna þeim málum framgang sem auka velferð, jöfnuð og frelsi þessa hóps sem við þessi kjör búa. Slíkt raungerist einungis með samhentum átaki, hugröðum haglausnum og virðingu fyrir grunnþörfum til lífs og frelsis, innan þess kerfis og ramma sem samfélagsgerð okkar gerir ráð fyrir. Samfélagsgerð sem hefur, þrátt fyrir allt, þróað mestu lífsgæði og velsæld mannkynssögunnar. Hér er augljóst að benda á ógnaraskoranir samtímans eins og fátækt og umhverfismál, en þau verða aldrei leyst nema með bestu mögulegu stjórnáttækjum sem fyrirfinnast einungis innan sömu samfélagsgerðar.

Hér kemur kannski að helsta verkefni landans í dag; strönduðum kjaraviðræðum. Þar virðist manni að tónninn í forystu launþega sé að umbylta samfélagsgerðinni í sósíalíska veröld. Af þeim sökum hafi aldrei verið raunverulegur vilji til samninga – byltingin hafi alltaf verið fyrsti kostur. Það breytir engin samfélagsgerð í kjaraviðræðum – þar ræður hagfræði og samfélagsáttmáli þess kerfis sem búið er við ferðinni. Samfélagsgerð og breytingar þar á eiga heima á vettvangi stjórnmalanna í umboði almennings.

Það er krefjandi verkefni okkar allra að lægstu laun endurspeglu vinnuframlag og álag, veiti mann-sæmandi aðstæður, frelsi og frið. Innan okkar samfélagsgerðar er það vel mögulegt. Ólíkt sósíal-isma. ■

Fasteignaleitin

Ný og öflug fasteignaleit

Finndu réttu eignina fyrir þig á frettabladid.is



SKANNVÖRU KÓÐANN



frettabladid.is

**MEGA
VIKKA**

1890 kr.

Í APPI OG Á DOMINOS.IS
ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI, EF ÞÚ SÆKIR